



SKOÐUN Porsteinn Már Baldvinsson skrifar um kærú Samherja á hendur héraðsdómara. **12**



SPORT Kristján Gauti Emilsson ætlar sér aftur í atvinnumennsku. **26**



Orri Helgason gekk sýningarballinn fyrir Versace um nýliðna helgi. **30**

STÖKKTU
TIL
ÚTLANDA
FRÁ
9.990 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
25. júní 2014
147. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fær ekki vegabréf

Tíu ára gömul íslensk stúlka fær ekki vegabréf því nafnið hennar er ekki samþykkt af Þjóðskrá. **2**

Gjaldtaka fællir frá

Starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs hyggjast hætta að beina fólki á fjöruna í Stokksnesi eftir að gjaldtaka hófst þar. **6**

Kærastar hefna sín

Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir algengt að menn í ofbeldissamböndum hefni sín með því að birta grófar myndir af konum sem leita til athvarfsins. **8**

Skutu niður þyrllu

Uppreisnarmenn í Úkraínu skutu niður herþyrllu þrátt fyrir að vopnahlé í landinu. **10**

SHALDÖR
12

Bolungarvík	13°	S	4
Akureyri	14°	S	2
Egilsstaðir	15°	S	6
Kirkjubæjarkl.	11°	A	5
Reykjavík	13°	ASA	6

Væta víða á landinu í dag en þurrkt að mestu á Vestfjörðum. Strekkingur með S-ströndinni en annars fremur hægur vindur. Hiti 10-18 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaður | Fólk



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Raforka með öllu uppseld í Eyjafirði

Raforkuflutningar eru í molum að mati fyrirtækja á Akureyri sem þurfa að keyra á steinolíu sem varaafli. Landsnet getur ekki tryggt raforkuflutninga. „Sveitarfélögin hafa dregið lappirnar,“ segir forstjóri Landsnets.

ORKUMÁL Raforkuflutningar til Eyjafjarðar eru afar ótryggir og þurfa mörg stór fyrirtæki að treysta á skerðanlegan orkuflutning og hefur það áhrif á atvinnustarfsemi í Eyjafirði. Fyrirtæki á svæðinu hafa þurft að keyra á varaafstöðum knúnum steinolíu þegar raforka hefur verið skert til þeirra. Becromal á Akureyri tekur rúmlega 80 prósent af allri raforku sem kemur inn á Eyjafjarðarsvæðið. Nú er svo komið að nýr iðnaður getur ekki sest að á Eyjafjarðarsvæðinu því flutningslínur inn á svæðið eru fulllestaðar.

Dórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir ástandið alls ekki gott. „Það er vissulega rétt að þessi mál eru ekki í góðum farvegi. Blöndulína þrjú hefur verið á teiknborðinu lengi og höfum við beðið í um fimm ár. Landsnet væri búið að fjárfesta í flutningi inn á Eyjafjarðarsvæðið fyrir um 12-15 milljarða ef sveitarfélög væru búið að klára skipulagið hjá sér. Þau hafa dregið lappirnar.“

Unnsteinn Jónsson, verksmiðjustjóri Vífilfells á Akureyri, segir raforkuflutninginn setja starfsemi hjá fyrirtækinu nokkrar skorður. „Við höfum verið að keyra á olíu í vor sem og síðasta vor. Við kaupum tryggja orku en



ótryggan flutning. Flutningurinn á raforkunni er þannig að okkur stendur ekki til boða að kaupa tryggja raforkuflutninga frá Landsneti því byggðalínan býður ekki upp á það. Þetta setur okkur í afar erfiða stöðu,“ segir Unnsteinn.

Kristín Halldórsdóttir, mjólkurbússtjóri MS á Akureyri, segir fyrirtækið einnig í erfiðri stöðu. „Við höfum keyrt steinolíukatla til að búa til gufu til þess að framleiða vörur hjá okkur, sem er fjórum sinnum dýrara en rafmagn.“

-sa / sjá síðu 6

Okkur stendur ekki til boða að kaupa tryggja raforkuflutninga frá Landsneti því byggðalínan býður ekki upp á það. Þetta setur okkur í afar erfiða stöðu.

Unnsteinn Jónsson, verksmiðjustjóri Vífilfells á Akureyri.

Hugsanlegt að kosið verði um breytingar á stjórnarskrá Íslands árið 2016: Ekki sammála um allar breytingar

STJÓRNMÁL Stjórnarskrárnefnd hefur einkum fjallað um fjóra málaflokka þá mánuði sem hún hefur verið að störfum; það er þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli undirskrifta, framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu, auðlindir og umhverfisvernd.

Stjórnarskrárnefnd kynnti fyrstu áfangaskýrslu sína í gær. Nefndin var skipuð fulltrúum allra flokka sem áttu sæti á Alþingi í

nóvember síðastliðnum. Nefndin heldur þeim möguleika opnum að kjósa um breytingar á stjórnarskránni samhliða forsetakosningum 2016.

Skúli Magnússon, héraðsdómari og fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni, segir að skýrslan beri ekki með sér mikil átök þótt menn séu ekki endilega sammála um allt.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KitchenAid
THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

95 ára
50 ára
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 2B • Sími: 520 7900 • efl@ef.is • www.ef.is

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

benecos
náttúruleg fegurð

Frábærar lífrænar vörur á einstöku verði

2.002 kr.

LYFJA

SPURNING DAGSINS



Kristinn, er enginn Framgangur í þessu?

Nei, við Framarar viljum fara að sjá Fram-kvæmdir.

Kristinn Traustason er formaður íbúasamtaka í Grafarholti og Úlfarsárdal. Samtökin og íþróttafélagið Fram eru langþreytt á hægagangi borgaryfirvalda í uppbyggingu á íþróttasvæðinu.

Sýknaðir af ákærum um umboðssvik og brot gegn hlutafélagalögum sem stjórnarmenn í VÍS:

Lýður og Sigurður sýknaðir af öllum ákærum

DÓMSMÁL Lýður Guðmundsson og Sigurður Valtýsson voru í gær sýknaðir af ákæru sérstaks saksóknara um umboðssvik og brot gegn hlutafélagalögum sem stjórnarmenn í Vátryggingafélagi Íslands (VÍS).

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að embættið muni nú fara yfir niðurstöðu dómsins. Það sé í höndum ríkissaksóknara að ákveða hvort málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Í fyrsta lagi var ákært vegna 59

milljóna króna láns sem Lýður fyrir hönd VÍS átti að hafa veitt Sigurði í febrúar 2009 og var ítrekað framlengt. Í öðru lagi tugmilljóna lán Sigurðar, fyrir hönd VÍS, til Korks ehf., félags í eigu Lýðs og Ágústs bróður hans, sem var framlengt og hækkað sex sinnum.

Í niðurstöðu dómsins segir að ákærvaldið hafi ekki sannað sekt magna í þessum liðum.

Þriðja atriðið í ákærinni varð aði ætluð umboðssvik Lýðs þegar VÍS keypti 40 prósent hlut í

félaginu Reykjanesbyggð ehf. af Kristjáni Gunnari Ríkharðssyni, svila Sigurðar, fyrir 150 milljónir.

Dómurinn taldi sérstakan saksóknara ekki hafa sannað sekt Lýðs þar sem gögn í málinu hefðu ekki nægilega stöð til að nægja gegn neitun Lýðs og framburði vitna fyrir dómnum.

Gestur Jónsson, verjandi Lýðs, sagðist í samtali við Fréttablaðið vera ánægður með niðurstöðuna og sagði að hann hefði ekki átt von á neinu öðru.



ÓVIST MED ÁFRÝJUN Verjandi Lýðs Guðmundssonar sagði niðurstöðuna ekki hafa komið sér á óvart.



GENGUR FRAM HJÁ ALTARINU Prestur í bænum Pilger í Nebraska gengur fram hjá altari kirkju bæjarins sem er rústir einar eftir hvirfilbylji sem riðu yfir bæinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjónarvottar segja ótrúlegt að einungis tveir hafi farist:

Bærinn rústir einar eftir hvirfilbylji

NEBRASKA, AP Smábærinn Pilger í Nebraska í Bandaríkjunum er rústir einar eftir að tveir öflugir hvirfilbyljar riðu yfir bæinn á mánudaginn.

Þar að auki eru tveir látnir og minnst níttján særðir í þessum 350 manna bæ.

Trey Wisniewski, íbúi í Pilger, segir ótrúlegt að svo fáir hafi farist en yfir 75 prósent af byggingum í bænum eru skemmd eða ónýt eftir hvirfilbyljinna.

-ih

Ákærð vegna vanrækslu:

Neitar mann-drápsákæru

DÓMSMÁL Hjúkrunarfræðingurinn sem ákærður er fyrir mann-dráp af gáleysi vegna vanrækslu í starfi og lögfræðingur Landspítalans, fyrir hönd Landspítalans, neita sök.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Hjúkrunarfræðingnum er meðal annars gefið að sök að hafa láðst að tæma loft úr kruga barkaraufarrennu þegar hún tók sjúklinginn úr öndunarvél. Það hafði þær afleiðingar að súrefnismettun og blóðþrýstingur sjúklings féll og hann lést skömmu síðar.

-ih

Innanríkisráðuneytið vanhæft:

Fyrirtaka í máli Tonys Omos

DÓMSMÁL Lögmaður Tonys Omos, Stefán Karl Kristjánsson, sagði fyrir héraðsdómi í gær að innanríkisráðuneytið væri vanhæft til að fjalla um mál skjólstæðings hans, vegna lekamálsins.

Omos stefndi ríkinu eftir að honum var synjað um hæli hér á landi og var fyrirtaka í málinu í gær.

Lögmaðurinn telur að málið hafi tekið aðra stefnu eftir að lögregla lýsti því yfir að rökstuddur grunur væri fyrir því að ónefndir starfsmenn innanríkisráðuneytisins hefðu leikið minnisblaði um mál hælisleitandans til fjölmiðla.

-jme / nej



NEITAD UM VEGABRÉF Duncan og Harriet Cardew heita Stúlka og Drengur í Þjóðskrá. Nú fær Harriet ekki vegabréf vegna þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Harriet neitað um vegabréf af Þjóðskrá

Foreldrum hinnar tíu ára gömlu Harriet var í gær tilkynnt af Þjóðskrá að hún fengi ekki vegabréf vegna þess að nafnið væri ekki samþykkt. Þau segja ákvörðunina ekki standast lög en fjölskyldan hyggur á ferð til Frakklands eftir viku.

FÓLK „Það er búið að svipta dóttur okkar ferðafrelsi. Það stenst engan veginn barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,“ segir Kristín Cardew um ákvörðun Þjóðskrár að synja dóttur hennar, Harriet Cardew, um vegabréf vegna þess að nafn hennar er ekki samþykkt af mannanafnanefnd.

Kristín og eiginmaður hennar, Tristan Cardew, sem fæddur er í Bretlandi, eiga saman fjögur börn, Lilju og Belindu, fæddar í Frakklandi, og Harriet, 10 ára, og Duncan, 11 ára, fædd hér á landi. Mannanafnanefnd hefur ekki samþykkt nöfnin Harriet og Duncan og hafa þau hingað til borið nöfnin Stúlka og Drengur Cardew í Þjóðskrá. Þau hafa til þessa fengið íslensk vegabréf með þeim nöfnum.

Í síðustu viku sótti Kristín um vegabréf fyrir Harriet vegna þess að fjölskyldan hyggur á ferðalag til Frakklands næstkomandi þriðjudag. Í gær tilkynnti Þjóðskrá þeim að vegna þess að nafnið Harriet væri ekki samþykkt af mannanafnanefnd væri ekki hægt að gefa út vegabréf á hennar nafni.

„Lögmaður Þjóðskrár tilkynnti okkur einnig að nú væri verið að hreinsa út alla þá einstaklinga sem hétu Stúlka og Drengur í Þjóðskrá,“ segir Tristan.

Kristín bætir svo við að „... ef við værum bæði erlend mættu börnin bera erlend nöfn. Þau mættu einnig bera erlend nöfn ef þau hefðu íslenskt fornafn eða millinafn.“

Hjónin hafa haft samband við

breska sendiráðið um að fá neyðarvegabréf svo þau komist til Bretlands þar sem þau geti fengið varanlegt vegabréf fyrir Harriet.

„Það sem er svo ótrúlegt í þessu er að starfsmenn Þjóðskrár eða Sýslumannsins í Kópavogi hefðu auðveldlega getað látið okkur vita að Harriet yrði neitað um vegabréf. Þá hefðum við fyrr getað haft samband við breska sendiráðið og fengið vegabréf,“ segir Tristan.

Hjónin hafa sent umboðsmanni barna bréf og rætt við lögfræðing um hvort úrskurður Þjóðskrár standist lög og bíða eftir svári. Þau útiloka ekki að fara með málið fyrir dómstóla snúi Þjóðskrá ekki úrskurði sínum.

ingvar@frettabladid.is

Fjórir menn ákærðir fyrir að standa í umfangsmiklum fíkniefnaviðskiptum:

Ræktuðu 772 kannabisplöntur

LÖGREGLUMÁL 204 kannabisplöntur sem lögreglan komst á snoðir um að væru í ræktun fundust aldrei. Þrjú menn á fertugsaldri og einn á fimmtugsaldri hafa verið ákærðir fyrir ræktun á plöntunum til dreifingar og sölu. Tveir þeirra voru jafnframt ákærðir fyrir ræktun á 568 plöntum til viðbótar.

Lögreglan gerði húsleit á heimili tveggja manna í Kópavogi árið 2010 og fann þar 568 kannabisplöntur sem mennirnir höfðu ræktað um nokkurt skeið auk tæplega tveggja kílóa af kannabisefnum sem tilbúin voru til sölu.

Við húsleitina fann lögregla líka myndband þar sem mennirnir sáu setja upp ræktunaraðstöðu fyrir 204 plöntur við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Myndbandið leiddi lögreglu á hinn nýja rækt-



KANNABIS-PLÖNTUR Ræktun í stórum stíl þekkist víða á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

unarstað degi síðar en þá var búið að taka ræktunina niður og plönturnar á bak og burt.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag. Aðeins þrjú manna mættu fyrir dóminn.

Þeir neituðu allir að hafa komið að ræktun á kannabisplöntum í húsneðinu við Suðurlandsbraut en ein þeirra viðurkenndi að hafa staðið í ræktuninni í Kópavogi.

-ssb

Voltaren Gel
20% afsláttur af 50g og 100g túbum

20% AFSLÁTTUR
Gildir út júní 2014

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



Urbanears

11.990 kr. stgr.



Nova regnstakkar

2.990 kr. stgr.



Partítjald Nova

3.990 kr. stgr.

SKEMMTILEGU- BÚNAÐUR NOVA!

Ókeypis
heimsending
um allt land!
Þegar þú verslar
á nova.is



4G hneti

13.990 kr.

Með þjónustusamningi í áskrift.
Netið í bílinn, bústaðinn og tjaldið.



Macally ferðahleðsla

8.990 kr. stgr.

Auka hleðsla í ferðalagið fyrir iPhone.
Virkar einnig fyrir LG, Samsung o.fl.



Náðu
í frítt
eintak!



Komdu við í verslunum Nova á leiðinni út úr bænum.

Gríptu með þér 4G pung, hnetu eða box og vertu viss um að vera alltaf í góðu netsambandi. 4G/LTE netþjónusta Nova er á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Skorradal, Grímsnesi og Reykjanesbæ. 4G/LTE tæki virka að sjálfsgöðu líka á 3G!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

Fyrsti mánuður á 0 kr. Þjónustusamningur í áskrift hjá Nova er til 6 mánaða, greitt með kreditkort. Nánari upplýsingar á nova.is.

SVONA ERUM VIÐ



6.000 tonn rúmlega af sælgæti eru árs-skammtur landsmanna, segir í landskönnun á mataræði.

Það er svipað magn í tonnum talið og íslenskir grænmetisbændur í Sölufélagi garðyrkjemanna senda á markað árlega af sinni framleiðslu.

Kviðdómur sýknaði Brooks og fjóra aðra yfirmenn News of the World: Coulson sakfelldur fyrir njósnir

BRETLAND, AP Andy Coulson, fyrrverandi ritstjóri News of the World, var í gær sakfelldur af kviðdómi fyrir símhleranir sem stundaðar voru á blaðinu. Rebekah Brooks, sem einnig var ritstjóri blaðsins, slapp hins vegar með skrekkinn og var sýknuð.

Réttarhöldin hófust eftir að upp komst að blaðið hafði látið hlera farsíma frægra einstaklinga, stjórn-málamanna og jafnvel fórnarlamba glæpa í þeim tilgangi að afla sér fréttu. Málið varð til þess að fjöl-

miðlakóngurinn Robert Murdoch, útgefandi blaðsins, neyddist til að hætta útgáfu þess. Tugir blaðamanna og embættismanna hafa verið handteknir í tengslum við málið. Stuart Kittner, fyrrverandi fréttastjóri blaðsins, og þrír aðrir sakborningar voru einnig sýknaðir, þar á meðal Charles Brooks, eiginmaður Rebekuh. Coulson, sem um skeið starfaði sem fjölmiðlafulltrúi Davids Cameron forsætisráðherra, á yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsi.



ANDY COULSON Átta mánaða réttarhöldum lokið með sakfellingu fyrrverandi fjölmiðlafulltrúa Davids Cameron.

Tókst í fjórðu tilraun: Albanía orðin umsóknarríki

ALBANÍA, AP Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins samþykktu í gær að veita Albaníu stöðu umsóknarríkis. Albanía hefur þar með þókast nær mögulegri aðild að Evrópusambandinu.

Þetta er í fjórða sinn frá árinu 2009 sem Albanía óskar eftir því að verða umsóknarríki.

Stefan Füle, stækkunarstjóri framkvæmdastjórnar ESB, segir að ákvörðunin sýni að umbótaviðleitni Albaníu hafi borið einhvern árangur.

Haldið opnu að breyta stjórnarskrá samhliða forsetakosningum

Ný áfangaskýrsla stjórnarskrárnefndar var kynnt í gær. Þar voru kynnt sjónarmið um þjóðaratkvæðagreiðslur, framsal valdheimilda, auðlindir og umhverfisvernd. Nefndarmeðlimir eru opnir fyrir því að kjósa um tillögurnar samhliða forsetakosningum sumarið 2016.

STJÓRN MÁL Stjórnarskrárnefnd kynnti fyrstu áfangaskýrslu sína í gær. Í skýrslunni er farið yfir það starf sem nefndin hefur unnið frá því hún var stofnuð og til dagsins í dag.

Nefndin var skipuð fulltrúum allra flokka er sæti eiga á Alþingi í nóvember síðastliðnum en síðan þá hefur einkum verið fjallað um fjóra málaflokka, það er þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli undirskrifta, framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu, auðlindir og umhverfisvernd.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir gildandi rétti og þróun erlendis, ásamt því að gefið er yfirlit yfir vinnu undanfarinna ára við breytingar á stjórnarskrá. Þá er reifuð afstaða og umræða starfandi stjórnarskrárnefndar þar sem lögð er áhersla á meginatriði umræðunnar en ekki útfærslu einstakra atriða.

Tilgangur skýrslunnar er að efna til opinberrar umræðu og því setur nefndin fram spurningar og álitæfni sem vakin er sérstök athygli á.

Á kynningarfundinum í gær sagði Skúli Magnússon, héraðsdómari og fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni, að skýrslan bæri ekki með sér mikil átök þótt menn væru ekki endilega sammála um allt. Mismunandi áherslur nefndarmanna eru síðan birtar í bókunum þeirra í skýrslunni.

„Það er vilji þessarar nefndar að komast að samkomulagi um hvað eigi að ganga fyrir,“ sagði Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður og fulltrúi Samfylkingarinnar.

Í bókun Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna, kemur fram að fá Alþingi fullmótað frumvarp í hendur að hausti 2015 gefist færi á að afgreiða ákvæðin frá þinginu þá um veturinn og þjóðin geti þannig greitt atkvæði um tillögurnar samhliða forsetakosningunum 2016.

Fram kom í máli annarra nefndarmeðlima að þessi tillaga hefði ekki verið sérstaklega rædd innan nefndarinnar en Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sagði að gott væri að eiga þann möguleika.

fanney@frettabladid.is



BREYTA STJÓRNARSKRÁ Fram kom í máli nefndarmanna í gær að ekki hefði enn reynt á pólitískan ágreining innan nefndarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR Samstaða í öllum flokkum



Nefndin segir samstöðu ríkja á meðal flokka á Alþingi um að mótuð verði heimild til þjóðaratkvæðagreiðslna um mikilvæg málefni.

Sú skoðun kom fram í nefndinni að undanskilja ætti lög um ákveðin málefni, svo sem fjárlög, skatta og þjóðréttarlegar skuldbindingar. Skiptar skoðanir voru um fjölda undirskrifta og nánari framkvæmd. Nefndin ræddi um lágmarksþátttöku og aðild þingsins.

AUÐLINDIR ÞJÓÐARINNAR Nýting í þágu þjóðarinnar



Talið er eðlilegt að stjórnarskráin geymi meginreglur um auðlindir Íslands.

Til grundvallar liggur sú meginhugsun að nýting náttúruauðlinda sé í þágu þjóðarinnar allrar. Nefndin er einhuga um að erfitt yrði að setja fram ítarlegar reglur um nýtingu einstakra auðlinda í stjórnarskrá enda er það háð pólitísku mati að verulegu leyti hvernig þær verði best nýttar.

FRAMSAÐ VALDHEIMILDA Verður að vera afturkræft




Eining var innan nefndarinnar í umræðum um framsal ríkisvalds. Nefndarmenn voru sammála um að framsal ríkisvalds hlyti allt af að vera afturkræft, þetta væri stór ákvörðun og að baki hennar þyrftu að vera ríkir hagsmunir, heimildina ætti að einkorða við afmarkað svið og að ákvörðun um framsal ætti að styðjast við aukinn meirihluta alþingismanna, 2/3 þeirra eða jafnvel 3/4.

UMHVERFISVERND Tryggja ber sjálfbærni



Nefndin telur að greina þurfi þau gildi sem tengjast vernd umhverfisins.

Helstu gildi sem nefndin tíndi til og koma ættu til skoðunar eru sjálfbærni, líffræðileg fjölbreytni og varúðarregla sem felur í sér að ákvarðanir séu teknar á grundvelli fullnægjandi upplýsinga og náttúran njóti þar vafans.



LÆKNASTÖÐIN
THE MEDICAL CLINIC

Hér með tilkynnist að

Sigurður Björnsson meltingarlæknir


hættir starfsemi þann 1. júlí 2014

Læknastöðin ehf.

Álfheimar 74 • 104 Reykjavík • sími: 5356800 • fax: 5356805

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



MILDIR DAGAR eru fram undan en væta sunnan- og vestanlands. Norðaustan til verður bjart með köflum á morgun og föstudag en búast má við síðdegiskúrum.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LÁTTU HJARTAÐ RÁÐA FÖR

Láttu hjartað ráða för og farðu á toyotahybrid.is



AURIS HYBRID

Toyota Hybrid – ástæðan fyrir því að sex milljónir manna aka á ný með gleði í hjarta.

Auris Hybrid - verð frá: 4.590.000 kr.

TOYOTA
HYBRID



Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að
láni án vaxta í allt að þrjú ár.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

VEISTU SVARID?



1. Hvaða ráðherrafundur var haldinn í Vestmannaeyjum á mánudag?
2. Hve mikið hefur nemum í húsa-smíði fækkað hér á landi síðustu fimm árin?
3. Hvað fannst í Mývatni, sem týndist þar fyrir áratug?

SVÖR:

1. Ráðherrafundur EFTA-rikkanna. 2. Þeim hefur fækkað um 80 prósent. 3. Ölluþankur.

Starfsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs tilkynnt um gjaldtöku af ferðamönnum á Stokksnesi á laugardag: Hætta að beina fólki í fjöruna á Stokksnesi

NÁTTÚRA Starfsmenn á gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn í Hornafirði munu hætta að beina fólki í fjöruna á Stokksnesi eftir að landeigandi ákvað að innheimta gjald af ferðamönnum sem vilja skoða fjöruna.

„Við höfum vísað ferðamönnum út á Stokksnes, þetta er mjög fallegur staður,“ segir Helga Árnadóttir, starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn. Landsvæðið er ekki hluti af þjóðgarðinum.

Eins og fram kom í Fréttablaðið í gær ætla landeigandinn í Stokksnesi að rukka ferðamenn sem fara um land hans um 600 krónur. Landeigandinn tilkynnti starfsfólki Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn um gjaldtökuna á laugardag.

Helga segist ekki ætla að beina ferðamönnum í fjöruna vegna þessarar gjaldtöku. „Ef fólk spyr okkur getum við ekki annað en upplýst fólk um hver staðan er í dag, en ég mun ekki benda fólki á að fara þangað að fyrra bragði,“ segir Helga.

„Mér finnst þetta ekki jákvætt,“ segir Helga. Hún segist reikna með að vinna í málinu með sveitarfélaginu, en nú þurfi að skoða betur hver sé lagalegur réttur landeigenda og réttur þeirra sem vilja fara um landið.

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Hornafjarðar, segir að þetta sé sérstakur gjörningur. Hann segist ekki hafa kynnt sér málið í þáula, en afstaða bæjarfélagsins verði væntanlega sú að reyna að koma í veg fyrir þessa gjaldtöku. -bj



RUKKA Ratsjárstöð sem Landhelgisgæslan rekur er á Stokksnesi, og hefur stofnunin gert athugasemdir við gjaldtökuna. MYND/RUNÓLFR HAUSSON



MÓTMÆLI Í LONDON

Blaðamennirnir sem komu saman fyrir utan höfuðstöðvar BBC í London mótmæltu því sem þeir telja aðför að tjáningarfrelsi í Egyptalandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segja dóm yfir þremur blaðamönnum í Egyptalandi hneyksli: Mótmælt fyrir utan BBC í London

EGYPTALAND Nokkur hundruð blaðamenn komu saman fyrir utan höfuðstöðvar BBC í London og mótmæltu dómi yfir þremur blaðamönnum Al-Jazeera í Egyptalandi.

Blaðamennirnir voru dæmdir í sjö og tíu ára fangelsi af egypskum dómstólum fyrir að dreifa lygum og styðja Múslimska bræðralagið en samtökin eru bönnuð með lögum í Egyptalandi. Blaðamennirnir sem komu saman fyrir utan BBC segja dóminn hneyksli og að sleppa eigi mönnum úr haldi tafarlaust. -ih

Ekki nægt framboð raforku í Eyjafirði

Ný fyrirtæki geta ekki sest að á Eyjafjarðarsvæðinu því raforkan er ekki til. Flutningurinn inn á svæðið er vandamálið. Fjöldi fyrirtækja treystir á skerðanlegan orkuflutning til sín. „Sveitarfélögin draga lappirnar,“ segir forstjóri Landsnets.

ORKUMÁL Framboð á raforku í Eyjafirði er ekki nægjanlega mikið að mati stórfyrirtækja á svæðinu. Mörg hver þurfa að treysta á skerðanlega orku og hefur það áhrif á atvinnustarfsemi í Eyjafirði. Becromal á Akureyri tekur um 80 prósent af allri raforku sem kemur inn á Eyjafjarðarsvæðið. Nú er svo komið að nýr iðnaður getur ekki sest að á Eyjafjarðarsvæðinu, raforkuna er ekki að finna á svæðinu.

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir ástandið alls ekki gott í Eyjafirði. Nú sé bara að bíða eftir stefnumótun úr iðnaðarráðuneytinu. „Það er vissulega rétt að þessi mál eru ekki í góðum farvegi hvað varðar orkuflutninga í Eyjafjörðinn. Eins og málin standa nú eru þetta í ákveðinni biðstöðu. Í fyrsta lagi vita flestir að ákveðin stefnumörkun þarf að eiga sér stað á Alþingi Íslendinga um loftlínur eða hvort línur eigi að fara í jörð. Að nokkru leyti erum við að bíða eftir þeirri stefnumörkun frá hinu opinbera,“ segir Þórður.


Ef nýir aðilar vilja koma inn á svæðið er afar erfitt að útvega þeim raforku að mati Þórðar. Orkan sé til á landinu en raforkuflutningur inn á Eyjafjarðarsvæðið sé í molum. Hann telur sveitarfélög á svæðinu hafa dregið lappirnar hvað varðar skipulag raforkuflutninga.

„Blöndulína þrjú hefur verið á teikniborðinu lengi og höfum við beðið í um fimm ár. Landsnet væri búð að fjárfesta í flutningi inn á Eyjafjarðarsvæðið fyrir um 12-15 milljarða ef þessi biðstaða hefði ekki komið upp. Nýlegt svæðis-skipulag Eyjafjarðar tekur út línur sem áður höfðu verið samþykktar. Á meðan sveitarfélögin á svæðunum geta ekki skipulegt raforkuflutning inn á svæðið er lítið hægt að gera,“ segir Þórður.

Fjöldi fyrirtækja á Akureyri kaupir skerðanlegan orkuflutning, þar sem þau taka þá áhættu að raforkusalinn geti á einhverjum tímapunkti skert raforku til kaupandans. Á móti kemur að fyrirtækin kaupa raforkuna ódýrari en ef um tryggan raforkuflutning væri að ræða.

Landsnet hefur á síðustu árum verið að styrkja flutningskerfi sitt. Flutningskerfinu tilheyrir ríflega 3.000 km af háspennulínunum og um 70 tengivirki og spennustöðvar. Meginhluti flutningskerfisins eru loftlínur en lítill hluti raforkuflutnings fer um háspennujarðstrengi.

sveinn@frettabladid.is



ORKULÍTIÐ Á AKUREYRI Becromal tekur áttatíu prósent af allri raforku sem kemur inn á Eyjafjarðarsvæðið.

Mjólkursamalagið á Akureyri hefur keyrt á steinolíu sem varaafli fyrir vinnslu



Kristín Halldórsdóttir, mjólkurbússtjóri MS á Akureyri, segir fyrirtækið kaupa skerðanlega orku og eiga þar af leiðandi á hættu að flutningur til fyrirtækisins sé takmarkaður á tíma þegar raforka er ekki nægjanleg. „Við höfum keyrt steinolíu til að búa til gufu til þess að framleiða vörur. Fyrir það fyrsta er steinólfa fjórum sinnum dýrari en rafmagn. Þar fyrir utan krefst steinolíukeyrillinn meiri mannafla og yfirvinnu auk þess sem afköstin eru mun minni en hjá rafskautskatlinum sem við erum alla jafna með í vinnslu. Þegar við keyrum á steinolíu höfum við því verið að framleiða minna en ella, með meiri tilkostnaði og fleiri starfsmönnum. Umhverfislega er þetta einnig óheppilegt og gengur gegn umhverfisvitund okkar,“ segir Kristín.

„Okkur stendur ekki til boða tryggur raforkuflutningur“



Unnsteinn Jónsson, verksmiðjustjóri Vífilfells á Akureyri, segir raforkuflutninginn setja starfsemi fyrirtækisins nokkrar skorður. „Við höfum verið að keyra á olíu í vor sem og síðasta vor. Við kaupum tryggja orku en ótryggan flutning. Flutningurinn á raforkunni er þannig að okkur stendur ekki til boða að kaupa tryggja raforkuflutninga frá Landsneti því byggðalínan býður ekki upp á það. Þetta setur okkur í afar erfiða stöðu,“ segir Unnsteinn.

Unnsteinn telur að bæjarstjórn Akureyrar verði að skoða gaumgæfilega stöðu raforkuflutnings inn á svæðið. „Maður áttar sig ekki á því hvernig þetta getur gengið til lengdar. Við getum ekki ætlast til að raflínur séu settar í jörðu hjá okkur en skammast í Skagfirðingum yfir sömu kröfu.“

GÖNGUFERÐIN HEFST Í EVEREST

Göngutjald Tempest 200
2,9 Kg - 5000mm vatnsheldni

Tilboð
31.995

Vatnsheldar Cargo töskur
frá Vango 45 - 120L
verð frá

8.995

Venom 300
dúnpoki, 900gr

Tilboð
34.995

Vango bakpoki-
Transalp 30L

Tilboð
15.995

20% afsláttur af Mammut fatnaði

-20%

Göngustafir frá

6.995

Vango og Mammut göngudýnur
Verð frá

6.995

Margar gerðir af primusum
Verð frá

4.995

Allir gönguskór með 20% afslætti

-20%

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

PEUGEOT 208

3,3 L/100KM

Í BLÖNDUÐUM AKSTRI*




PEUGEOT 208

KOSTAR FRÁ KR.

2.390.000

Myndin sýnir Peugeot 208 í Allure útfærslu. Peugeot 208 er lánlegur með íslensku leiðsögukerfi.



*Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 3,3 til 4,5L/100km og CO₂ útblástur (g/km) frá 85 til 104.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985
Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

 Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

Frestur flokka til að mynda þinghópa á Evrópuþinginu rann út áður en þjóðernissinnar náðu saman:

Wilders náði ekki að búa til breiðfylkingu

EVROPUMÁL Geert Wilders, leiðtogi hollenska Frelsisflokksins, segir að hægri þjóðernissinnar hafi ekki tekist að öngla saman liði í þinghóp á Evrópuþinginu. Þýska tímaritið Der Spiegel hefur eftir honum að hann hafi ekki viljað taka pólska flokkinn KNP inn í hópinn, því leiðtogi þess flokks hafi gengið of langt í yfirlýsingum sem lýsa gyðingandúd og karlrembu. Til þess að geta myndað þinghóp þarf 25 þingmenn frá að minnsta kosti fimm aðildarríkjum ESB. Wilders hafði,

ásamt Marine Le Pen og frönsku Þjóðarfylkingunni hennar, fengið hægri þjóðernisflokk frá Austurríki, Belgíu og Ítalíu til liðs við sig, en það dugði ekki til. Fresturinn til að mynda þinghópa fyrir næsta kjörtímabil rann út í gær.

Nigel Farage, leiðtogi Breska sjálfstæðisflokksins (UKIP), fékk Ítalann Beppe Grillo til liðs við sig, ásamt flokkum Evrópuandstæðinga frá Lítháen, Frakklandi, Tékklandi, Lettlandi og Svíþjóð, og náði að mynda nýjan þinghóp. -gb



MARINE LE PEN OG GEERT WILDERS
Ekkert varð úr þinghópi hægri þjóðernissinna, þrátt fyrir gott gengi í kosningum.
NORDICPHOTOS/AFP

Læknar vísa til sáttasemjara: Vilja verulega hækku launa

KJARAMÁL Félag skurðlækna og Læknafélag Íslands hafa vísað kjaradeilum sínum til Ríkissáttasemjara. Sigurveig Pétursdóttir, formaður samninganefndar Læknafélagsins, segir að mikið beri í milli í deilu þeirra við ríkið. Hún segir að læknar fari fram á verulega hækku á launum sínum. „Það er læknaskortur í landinu og við verðum hreinlega að bæta kjör lækna svo að þeir geti hugsað sér að koma heim að sérnámi loknu,“ segir hún. -s6j

Ný Velferðarvakt skipuð: Siv Friðleifs-dóttir formaður

SAMFÉLAGSMÁL Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi ráðherra, hefur verið skipuð formaður Velferðarvaktarinnar. Velferðarvaktinni er ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu og gera tillögur um aðgerðir. Hún var upphaflega stofnuð árið 2009, þeirri vakt lauk í febrúar. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra ákvað að skipa nýja Velferðarvakt í stað hennar og verða störf hennar með líku sniði og fyrirrennara hennar. -jme

Ráðherra fagnar friðaráætlun: Segir Úkraínu-forseta vilja frið

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fagnar því að Petró Pórosjenkó, forseti Úkraínu, hafi lagt fram áætlun um hvernig stilla megi til friðar í landinu.

Utanríkisráðherra segir íslensk stjórnvöld styðja friðaráætlunina sem sé mikilvægur grundvöllur þess að ofbeldi í austurhluta Úkraínu verði stöðvað.

Hann segir áætlunina staðfesta að Pórosjenkó forseti leggi höfuðáherslu á að tryggja frið og öryggi fyrir alla íbúa landsins. -jme

Klekkja á kærustum með myndbirtingu

Svo mörg dæmi koma inn á borð Kvennaathvarfsins þar sem ofbeldismenn hóta að dreifa óþægilegum myndum af fórnarlambinu að ekkert eitt stendur upp úr. Hótanirnar geta orðið til þess að konurnar þora ekki að yfirgefa kærasta sína.

OFBELDISMÁL Það er orðið mjög algengt að menn í ofbeldissamböndum hótí fórnarlömbum sínum dreifingu á óþægilegu og grófu myndefni af þeim.

„Þetta kemur í veg fyrir að konurnar þori yfirhöfuð að fara frá manningum,“ segir Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins. „Þetta er þó frekar á meðal yngri kvenna en eldri.“

Sigprúður segir að þessi þróun hafi orðið á löngum tíma. „Almennt hefur þetta þau áhrif að hann stjórnar áfram lífi hennar og heftir frelsi hennar. Þrátt fyrir að konan sé búin að koma sér undan líkamlegu valdi hans þá hefur hann vopn í hendinni.“

Hún segir að oft láti ofbeldismaðurinn ekki til skarar skríða. „Við þekkjum mörg dæmi um að þeir hafi ekki gert það. Í flestum tilfellum sem við höfum heyrt af þá eru þetta innantómar hótanir og ekki byggðar á neinum rökum.“

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir að reynt sé að hafa samband við konur sem verða fyrir grófri myndbirtingu.

„Lögreglan er í sjálfu sér ekki með mikið frumkvæðiseftirlit á netinu en það koma vissulega ábendingar til okkar um myndir og annað slíkt. Ef það er hægt að þekkja þá sem eru á myndum og myndirnar eru þess eðlis þá er haft samband við viðkomandi.“ Erfitt geti þó reynt að sanna hver dreifði myndefninu.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, þekkir mörg dæmi þess að konur sem koma úr ofbeldissamböndum hafi myndbirtingu sveimandi yfir sér. „Í nútímakynlífi og með nútímataekni er oft til myndefni sem er kannski framleitt af báðum en síðan er hægt að nota það sem vopn gegn henni, eflaust líka karlinum en ég hef bara engin dæmi um það.“ Hún segir myndbirtinguna auka vígt ofbeldisins. „Það að það sé til gróft myndefni af þér sem þú hefur enga stjórn á er svona ný vídd í ofbeldisheiminum.“ snaeros@frettabladid.is



ANDLEGT OFBELDI Sigprúður segir að hótanir um myndbirtingu geti haft mikil áhrif jafnvel þótt konan sé flutt frá ofbeldismanninum og byrjuð að byggja líf sitt upp að nýju. NORDICPHOTOS/GETTY

Senda myndirnar á vinnuveitendur

„Við þekkjum dæmi þess að myndir hafi ýmist verið settar á netið eða sendar í tölvupósti til ákveðinna aðila, til dæmis vinnuveitenda, samstarfsfólks eða kunningja,“ segir Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins. „Ég man eftir dæmum þar sem hóttað er að senda foreldrum eða börnum viðkomandi myndirnar. Eins og almennt á við í ofbeldissamböndum þá er hoggíð þar sem sárast er.“

Flísa-sagir og -skerar

<p>Drive LG4-570A 800W flísa-sög 79x39cm borð kr. 39.900</p>	<p>Drive Pro 600mm flísa-skeri í tösku kr. 21.990</p>
<p>Drive DIY 430mm flísa-skeri kr. 3.990</p>	<p>Drive DIY 500mm flísa-skeri kr. 8.990</p>
<p>Drive Pro 600mm flísa-skeri kr. 14.990</p>	<p>Drive LG3-70A 1800W flísa-sög 86x57cm borð kr. 139.900</p>

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

SIEMENS

Frábær eldunartæki frá Siemens á tilboðsverði.



Bakstursofn
HB 33G1240S (hvítur)
HB 33G1540S (stál)
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
Fullt verð: 189.900 kr.



Bakstursofn
HB 36G1260S (hvítur)
Tilboðsverð:
149.900 kr. stgr.
Fullt verð: 209.900 kr.



Spanhelluborð
EH 675TE11E
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
Fullt verð: 199.900 kr.



Keramikhelluborð
ET 645EN11
Tilboðsverð:
69.900 kr. stgr.
Fullt verð: 119.900 kr.


Gildir aðeins í þrjú daga, 25., 26. og 27. júní, eða meðan birgðir endast.

Athugið! Takmarkað magn í boði.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Sturtuklefar í úrvali!



Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

HYUNDAI | NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

HYUNDAI NOTAÐIR

BEINT Á MÓTI IKEA

Gott úrval notaðra bíla á staðnum.

Komdu í heimsókn eða skoðaðu heimasíðuna;
www.hyundai.is og smellir á flipann notaðir bílar

ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN



HYUNDAI i40 WAGON STYLE
Nýskr 02/2013, ekinn 21 þús.
dísil, sjálfskiptur

VERÐ
4.490 þús.



HYUNDAI ix20 COMFORT
Nýskr 09/2011, ekinn 22 þús.
bensín, sjálfskiptur
VERÐ:
2.750.000 kr.



NISSAN MICRA VISIA
Nýskr 03/2011, ekinn 22 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
1.590.000 kr.



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr 08/2009, ekinn 14 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
1.990.000 kr.



RENAULT KANGOO 5 manna
Nýskr 02/2014, ekinn 6 þús.
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
3.890.000 kr.



TOYOTA LAND CRUISER 200 VX
Nýskr 01/2008, ekinn 151 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
8.290.000 kr.



MMC Colt
Nýskr 03/2006, ekinn 68 þús.
bensín, sjálfskiptur
VERÐ:
850.000 kr.

HYUNDAI

Kauptúni 1- (Beint á móti IKEA)

Sími 575 1200

Akureyrarbær hefur gefið út yfirlýsingu vegna fréttu um óánægju á Hlíð:

„Meirihluti starfsfólks ánægður“

AKUREYRI Akureyrarbær hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna fréttu Fréttablaðsins og Vísis um óánægju starfsmanna á Öldrunarheimilum Akureyrar.

Í yfirlýsingu kemur fram að brýnt sé að vinna að lausn málsins sem einn af málum deild Hlíðar. Almenn ánægja sé hins vegar á meðal starfsmanna og sýni kannanir sem gerðar voru árið 2013 að meirihluti starfsmanna sé ánægður í starfi.

„Hjá Öldrunarheimilum Akur-

eyrar (ÖA) starfa um 320 manns og því er um stóran vinnustað að ræða. Hér er um að ræða afmarkað en engu að síður mikilvægt verkefni sem þarf að leysa. Unnið er ótulllega að lausn þess innan ÖA og hafa stjórnendur væntingar um að farsæl lausn muni finnast innan tíðar. Brýnt er að hlusta á sjónarmið allra sem að málinu koma og taka fullt tillit til þeirra í þeim lausnum sem lagðar verða fram,“ segir í yfirlýsingu frá Akureyrarbær.



DVALARHEIMILIÐ HLÍÐ Akureyrarbær vill taka á málum.

Uppreisnarmenn skutu niður þyrlu

Prátt fyrir yfirlýsingu um að virða vikulangt vopnahlé skutu úkraínskir uppreisnarmenn í gær niður herþyrlu. Níu manns fórust. Vladímír Pútín Rússlandsforseti skorar á Úkraínustjórn að framlengja vopnahléið og ræða við uppreisnarmenn.

ÚKRAÍNA, AP Níu menn fórust með úkraínskri herþyrlu sem uppreisnarmenn í austurhluta landsins skutu niður í gær. Þetta gerðist þrátt fyrir að uppreisnarmenn hefðu lýst því yfir að þeir myndu virða vikulangt vopnahlé sem Úkraínustjórn boðaði til einhliða um síðustu helgi.


Vladímír Pútín Rússlandsforseti hvatti í gær Úkraínustjórn til þess að hafa vopnahléið lengra en eina viku. Þá skoraði hann á Úkraínustjórn að nota vopnahléið til þess að ræða beint við leiðtoga uppreisnarmanna.

Þá hefur Pútín skrifað rússneska þjóðþinginu bréf, þar sem hann óskar eftir því að þingið afturkalli heimild rússneska hersins til þess að beita hervaldi í Úkraínu. Hann sjálfur hafði óskað eftir því að þingið veitti þessa heimild og samþykkti þingið hana 1. mars síðastliðinn. Fastlega er reiknað með því að þingið muni fúslega verða við ósk hans um að afturkalla heimildina.

Úkraínustjórn fagnar því að heimildin verði afturkölluð og sagði það mikilvægt skref í áttina til þess að koma á friði á ný.

Pútín hefur tekið vel í friðar-áætlun Úkraínuforseta, sem segir vopnahléið ætlað til þess að uppreisnarmenn fái svigrúm til þess að leggja niður vopn og koma sér burt, vilji þeir fara burt.

Evrópusambandið hefur hóttað Rússlandi frekari refsiaðgerðum, sýni rússnesk stjórnvöld ekki



VLADÍMÍR PÚTÍN Rússlandsforseti bað þingið í gær um að afturkalla heimild rússneska hersins til að beita valdi í Úkraínu.

raunverulega viðleitni til þess að koma á friði í Úkraínu. Pútín hefur frest þangað til á föstudag, þegar leiðtogafundur Evrópusambandsins verður haldinn.

Sameinuðu þjóðirnar segja að 423 manns hafi látið lífið í átökum í austanverðri Úkraínu á tímabilinu frá 15. apríl til 20. júní. Rúmlega 46 þúsund manns hafa hrakist að heiman, þar af hafa um 11.500 manns flúið frá Krímskaga sem Rússland hefur nú innlimað.

Úkraínustjórn hefur sakað

rússneska hermenn um að hafa, um það leyti sem Krímskagi var innlimaður, komið fyrir jarðsprengjum á mörkum Krímskaga, til þess að hindra för úkraínskra hermanna inn á skagann.

Rússar hafa undanfarið verið með um 40 þúsund manna herlið við landamæri Úkraínu, og hafa Úkraínumenn margir litið á það sem hótun um að rússneski herinn muni ráðast inn í landið telji rússnesk stjórnvöld ástæðu til.

gudsteinn@frettabladid.is

Garðtraktorar mikið úrval



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST

Það er skemmtilegt að skoða og reynsluaka nýjum bíl. Komdu og láttu sölumenn okkar stjarna við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.



LEAF NORDIC

FYRIR KALDARI MARKAÐSSVÆÐI
VERÐ: 4.490.000 KR.

KAUPAUKI Í JÚNÍ - HRAÐHLEÐSLUSTÖÐ FYRIR
HEIMILIÐ EÐA BÚSTAÐINN SEM HLEÐUR BÍLINN
Á 4 TÍMUM FYLGIR NÝJUM LEAF!



10 HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVAR

Uppsetningu á 10 nýjum hraðhleðslustöðvum lýkur í sumar í Reykjavík og nágrenni. Þær gera þér kleift að **hlaða LEAF á 30 mínútum þér að kostnaðarlausu.**

Nissan hraðhleðslustöðvarnar eru settar upp í samstarfi við ON



RENAULT CAPTUR

RENAULT CAPTUR DYNAMIC
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 3.890.000 KR.
DÍSIL, BEINSKIPTUR. VERÐ: 3.590.000 KR.
3,6 l/100 km



NISSAN JUKE

NISSAN JUKE
DÍSIL, BEINSKIPTUR. VERÐ: 3.490.000 KR.
4,2 l/100 km

FJÖLSKYLDUVÆNIR RENAULT

BÆÐI RENAULT CLIO OG RENAULT MEGANE ERU TIL
Í ÚTFÆRSLU FYRIR FJÖLSKYLDUR SEM ÞURFA MEIRA PLÁSS

RENAULT CLIO **SPORT TOURER, DÍSIL**
VERÐ FRÁ: 3.090.00 KR.



TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.



Breytingar í forsjár- og umgengnismálum:

Fjandmenn eða foreldrar?

Fréttað sagði frá því í gær að málum hjá sýslumanni, þar sem foreldrar takast á um umgengni við börn sín, hefði fjölgað mjög síðustu ár. Þá hefði málum, þar sem farið er fram á að foreldri sé beitt dagsektum til að það hætti að meina hinu foreldrinu umgengni, fjölgað tífalt. Þessi þróun er væntanlega að langmestu leyti tilkominn vegna breyttra laga og breytts viðhorfs til hlutverka fedra og mæðra í barnaupplæfingu. Fyrir rúmlega tuttugu árum var það nánast sjálfgefið að mæður fengu forsjá barna við skilnað eða sambúðarslit.

Árið 1992 var lögum breytt þannig að möguleiki varð að foreldrar færu sameiginlega með forsjá. Fjórðan árum seinna varð sameiginleg forsjá meginreglan að lögum. Nú orðið fara foreldrar saman með forsjá í yfirgnæfandi meirihluta tilvika eftir skilnað.

Það kemur ekki í veg fyrir deilur um forsjá og umgengni. Eyrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri hjá Sýslumanninum í Reykjavík, segist í Fréttablaðinu í gær ætla að fjölgun mála hjá embættinu tengist auknu jafnrétti. Í flestum tilvikum eru það fedur sem sækja rétt sinn. Eyrún segir að tímenn sem fráskildir fedur hafi umgengni við börn sín hafi lengzt undanfarin ár.

Það er tvímælalaust jákvæð þróun. Uppeldi barna er sameiginlegt verkefni, sem fedur og mæður þurfa að axla til jafns, ef fullt jafnrétti á að nást. Hins vegar getur það valdið núningi og átökum að fedur sækir rétt sinn. Þótt löggjöfin hafi breytt og rétturinn til að knýja fram umgengni forsjárlausra foreldra við börn sín hafi styrkt, er samfélagið ekki endilega reiðubúið að viðurkenna að fedur eigi jafnríkan rétt á að umgangast börnin sín eftir skilnað og taka ákvarðanir um líf þeirra og mæðurnar. Eftir því sem sú viðurkenning fer vaxandi, ætti deilumálum að fækka.

Að fjölmiðlum berast reglulega ljótar sögur um foreldra, oftast mæður, sem brjóta gróflega á réttindum fyrrverandi maka með því að hindra umgengni. Líka frásagnir af foreldrum, oftast fedrum, sem hafa í raun engan áhuga á að umgangast börnin sín en nota kröfur um umgengnisrétt og dagsektir sem vopn í deilum við fyrrverandi maka. Þetta eru mál sem erfitt er að fjalla um frá annarri hliðinni eingöngu, ekki sízt af því að börn eiga í hlut, og fjölmiðlar láta þau því oftast vera.

Á hinu er sjaldnar vakin athygli, að í miklum meirihluta tilvika gengur sameiginleg forsjá foreldra eftir skilnað, og eftir atvikum umgengni þótt annað foreldri fari með forsjána, alveg ljómandi vel. Ef ábyrgðin á börnunum var jöfn í hjónabandi eða sambúð heldur hún áfram að vera það þótt sambandinu sé slit.

Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, segir í Fréttablaðinu í gær að hún hafi á tilfinningunni að aukin harka sé í umgengnismálum og fólk láti of oft hnefann ráða för. „Fólk er orðið of upptekið af baráttu, að sigra hinn, í stað þess að hafa þarfir barnanna að leiðarljósi,“ segir hún.

Það mættu allir hafa í huga strax og þeir eignast börn – eða jafnvel fyrr – að það eru ekki góðir foreldrar sem láta deilur eða fjandskap sín á milli bitna á börnunum. Skyldur foreldra eru einfaldlega þess eðlis að þeim verður ekki sinnt nema í sameiningu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

VIKUNA 19.-26. JÚNÍ

VERÐFALL VIKUNNAR



AEG

CE-1400B Ryksuga
Ryksuga með nýjstu mótortækni sem notar eingöngu 1400W en skilar afli á við 2200W ryksugu. Hjóðlátari og endingarbetri mótör.

- ✓ Oragnasía.
- ✓ Örtrefjapokar - betri síun, hreinni útblástur.
- ✓ Stíllanlegur sogkraftur.
- ✓ Innbyggð fylgihlutageymsla.
- ✓ Samandraganlegt XL stálstaft.
- ✓ Áður kr. 19.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.

14.990

25% AFSLATTUR

Rafha

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rætt um okur snemma sumars
Það er ekki tómt sæla að landið skuli verða orðið ferðamannaland. Margir hafa fengið hálfgerð gullgrafaraæði og ætla að hagnast eins og þeir geta á ferðamönnum. Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, ræddi um háa verðlagningu á ýmsum hlutum sem tengjast ferðamönnum í morgunútvarpi Rásar tvö í gær. Nýlega hafa birst fréttir af kökusneið á kaffihúsi í Mývatnsveit sem kostaði tæpar 1.300 krónur og bílaleigubílum sem eru þrjár sinnum dýrari hér en í Danmörku. Edward sagðist hafa áhyggjur af því

hversu snemma þeirra vegna hás verðlags er farið að gæta í ár. Landsmenn misstu venjulega þolinmæðina í ágúst en nú hafi verið farið að fjalla um okur í byrjun sumars. Hann lagði til að þessi mál yrðu tekin til rannsóknar og framtíðarstefna mótuð. Orð í tíma töluð, eitt er að verðleggja skynsamlega, annað að verðleggja sig út af markaðnum. Slíkt er fljótt að spyrjast út og því skammtímagróði.

Án viðvörunar

Það er óþolandi að menn geti allt í einu og án nokkurrar viðvörunar farið að rukka ferðamenn fyrir að fara um land þeirra. Nú síðast



johanna@frettabladid.is

HALLDÓR



Réttlát málsmeðferð

SAMFÉLAGSMÁL



Þorsteinn Már Baldvínsson forstjóri Samherja

Undanfarna daga hafa fjölmiðlar fjallað um kæru Polaris Seafood á hendur dómara sem heimilaði húsleit og haldlagningu gagna hjá félaginu. Kjarni málsins er að gögn sem dómariinn kveðst hafa byggt afgreiðslu umræddrar þvingunaradgerðar á, eru ekki til staðar í héraðsdómi. Þetta gerir það að verkum að við höfum enga möguleika á að sannreyna hvort og þá hvaða rökstuðning Seðlabankinn lagði fram til að fá heimild fyrir einu víðamesta inngripi sem sést hefur og leiddi til takmarkalausrar haldlagningar gagna tuga fyrirtækja og þess fjölda einstaklinga sem þar starfa.

Sérmeðferð dómara?

Það er okkur sem urðum fyrir þessu mikla inngripi mikilvægt að fá það rannsakað og upplýst. Að vel athuguðu máli ákvað fyrir tækið því að kæra dómara til lögreglu þar sem grunur leikur á að hann hafi brotið lög við málsmeðferðina. Formaður dómarafélagsins heldur því fram í fjölmiðlum að eðlilegur farvegur fyrir mál af þessu tagi sé að senda kvörtun til nefndar um dómaraástærf. Þetta stenst ekki skoðun. Enginn ætti að vera dómari í eigin sök og dómara njóta sem betur fer ekki þeirrar sérstöðu í samfélaginu að nefnd á þeirra vegum geti úrskurðað um lögbrot. Eg held jafnframt að það væri fróðlegt ef formaður dómara-

→ Það er sjálfstætt áhyggjuefni að formaður dómarafélagsins reyni að gera lítið úr málinu með þeirri aulafyndni sem titill greinar hans í Fréttablaðinu í gær ... ber með sér.

félagsins myndi upplýsa um fjölda og afdrif mála nefndarinnar í gegnum árin.

Alvara málsins

Það er sjálfstætt áhyggjuefni að formaður dómarafélagsins reyni að gera lítið úr málinu með þeirri aulafyndni sem titill greinar hans í Fréttablaðinu í gær, „Út af með dómara?“ ber með sér. Um er að ræða grafalvarlegt mál sem engum sæmir að hæðast að. Kæran um ætluð brot dómara byggir m.a. á skriflegri staðfestingu héraðsdóms á broti og aðfinnslum Hæstaréttar við störf hins kærða dómara. Ríkissaksóknari hefur staðfest að fjölmörg félög sem úrskurðir dómara voruð hafa, hvorki fyrr né síðar, haft réttarstöðu sakborgnings. Ávirðing formanns dómarafélagsins um ómál-efnalegar ástæður og grundvöll kærunnar eiga því ekki við rök að styðjast.

Við viljum öll búa í þjóðfélagi þar sem persónuvernd, mannréttindi og réttaröryggi eru virt.

Borgaralegt frjálslyndi og alþýðlegt íhald

Eftir bæjarstjórnakosningarnar hafa frjálslyndir fjölmenningsmenn gert harða hrið að Framsóknarflokkninum út af moskumálinu. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir gaf útlendingaandúð undir fötinn og græddi atkvæði á því. Að gera moskumálið eftir á að spurningu um skipulagsmál var henti-stefna hjá Sigmundi Davíð þegar réttindi trúarhópa eru auðvitað prinsippmál.

STJÓRN MÁL



Þórarinn Hjartarson stálsmiður á Akureyri

rasisma og öfgahægri. Fylkingin er miklu breiðari en svo, spannar til dæmis í Frakklandi og Englandi yfir fjórðung kjósenda.

Svo mikið er víst að þessi straumur fylgir ekki stórauðvaldinu. Stórauðvald ESB stendur auðvitað á bak við hið frjálsa flæði sem þurrkar út landamæri álfunnar. Ekki síður stendur stórauðvaldið á bak við fjölmenningsstefnuna. Draumur þess er einmitt sundurleitur vinnumarkaður sundraðs farandverkalýðs. Þar sem einn hópur launafólks skilur ekki mál annars minnkar samstaðan.

„Alþýðlegt íhald“

Ný pólitísk skipting er á milli frjálslyndrar frjálslyngju og

íhaldssemi. Það er nær að kenna hina breiðu hægrifylkingu ESB-andstæðinga við „alþýðlegt íhald“ en hægri öfgar. Hún snýst nefnilega gegn elítunni. Það má vísast bendla hana við andfrjálslyndi, en ekki andlýðræði. Hún hafnar því afsali lýðræðis og fullveldis sem ESB stendur fyrir, því „andlýðræðislega skrímsli“ eins og Marine Le Pen kallar það réttilega.

Svo gerist það að framið er valdarán í Úkraínu, sem kemur fasistum og nasistum í ríkisstjórn í fyrsta sinn í Evrópu frá 1945. Þeir myrða pólitíska andstæðinga sína undir kjörorðum sem sótt eru til nasistatímans í landinu. Valdaránið var stutt og beinlínis drifið áfram af Bandaríkjunum og ESB sem eru staðráðin í að keyra Úkraínu inn í NATO þótt það kosti borgarastríð og klofning landsins. Í

framhaldinu er nýtt jártjald reist „í varnarskyni“ á landamærum Rússlands og mikil stríðsögn kölluð yfir Evrópu.

Þetta er prófsteinn á lýðræðis- og mannréttindaástina. En frjálslyndir og krataflokkar Evrópu fylkja sér sem einn á bak við valdaránið og stefnu Bandaríkjanna og ESB. Marine Le Pen snýst hins vegar ákveðið gegn hinni herskáu stefnu Vesturveldanna og segir hikaust að þjónkun ESB við Bandaríkin hafi leitt til Úkraínudeilunnar.

Hvað um Ísland? Í vetur sýndi Gunnar Bragi Sveinsson vissa tilburði til sjálfstæðis í Úkraínudeilunni og gagnrýndi Evrópusambandið en síðan tók hentistefna Framsóknar sig upp og hann hefur kosið að ganga í takt við Vesturveldin. Hvað segja vinstri flokkarnir? Ekki eitt einasta orð.

→ Hinn hægrisinnaði straumur ESB-andstæðinga inniheldur örugglega ýmislegt gruggugt, allt yfir í hægri öfgar. En fráleitt er að afgreiða hann allan sem

rasisma og öfgahægri. Fylkingin er miklu breiðari en svo, spannar t.d. í Frakklandi og Englandi yfir fjórðung kjósenda. Svo mikið er víst að þessi straumur fylgir ekki stórauðvaldinu. Stórauðvald ESB stendur auðvitað á bak við hið frjálsa flæði sem þurrkar út landamæri álfunnar.

ESB-sinnar fjandskapast við Framsóknarflokkinn og þykir gott að geta bendlað hann við þjóðrembu, helst rasisma. Fjölmennning er jú ein helsta yfirskrift Evrópusamrunans.

Það er þó vonum seinna að upp komi umræða um innflytjendamál og fjölmenningu á Íslandi. Hlutfall erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði er nú nálægt 10 prósentum og ferðamenn á síðasta ári voru um 800 þúsund. Hraðfara breyting og margt sem ræða þarf.

Kosningaumræðan í Reykjavík var á sinn hátt endurómur af umræðu úti í Evrópu eftir kosningar til Evrópuþingsins nokkrum dögum áður. Þar unnu hægrisinnaðir ESB-andstæðingar stórsigur í Frakklandi, Bretlandi, Danmörku og miklu víðar, en Syríska, vinstrirotækur andstæðingur ESB, varð langstærsti flokkurinn í Grikklandi. ESB skelfur.

Viðbrögðin urðu mjög þau sömu og á Íslandi. Frjálslyndir borgaraflokkar og sósíaldemókratar og jafnvel vinstrikratar semja sátt sín á milli þegar berjast skal við þennan populíska straum. Frjálslyndið er í húfi og fjölmenningin – og Evrópuhugsjónin.

Spyrja ekki um stéttarhagsmuni

Það gerir þessum flokkum auðveldara en ella að standa saman, að þeir hafa allir gengist inn á hagstjórnarprinsipp klassískrar frjálslyngju. Enginn þeirra spyr lengur um stéttarhagsmuni á bak við stjórnsmál, allir horfa frá sjónarhóli „atvinnuveganna“. Skipting stjórnsmála eftir ásnúnum hægri vinstri leysist upp og hverfur. Á Íslandi líka. Samfylkingin hefur gengið braut markaðshyggju frá byrjun og VG komst inn á hana með hjálp AGS. Á meðan þeir bölvu nýfrjálslyngjunni gleypa þeir kjarna hennar án þess að flökra við né ropa.

Aðferðir klassískrar frjálslyngju eru sjálfur grunnurinn undir ESB, reglurnar um hinn frjálsa sameiginlega markað: frjálst flæði vöru, fjármagns, vinnuafis og þjónustu milli landa, hnattvæðingarreglur auðhringanna sem Brusselskrif-ræðið sér um að fylgja eftir.

Gagnrýni íhaldssamra ESB-andstæðinga í Evrópuþingskosningum beinist einmitt mjög að „fjórfrælsinu“. Þeir gagnrýna það að afgerandi svið eins og stefnan í innflytjendamálum skuli dregin undan valdi þjóðþinga. Frjálst flæði vinnuafis er þó bara ein hliðin, gagnrýnin gildir um vaxandi alhliða vald markaðsafla á kostnað kjörinna þjóðþinga og fullveldis. Slík gagnrýni hefur hingað til frekar komið frá vinstri væng, en kemur nú af vaxandi styrk frá hægri. Á meðan almenningsur sér reyndar að andstaða æ fleiri vinstri flokka við frjálslyngjuna er í orði en ekki alvöru.

Straumurinn fylgir ekki stórauðvaldinu

Hinn hægrisinnaði straumur ESB-andstæðinga inniheldur örugglega ýmislegt gruggugt, allt yfir í hægri öfgar. En fráleitt er að afgreiða hann allan sem

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



RIDDARAR HRINGVEGARINS



Team SKODA-UMFUS er stoltur þátttakandi í Wow Cyclothon hjóleiðakeppninni umhverfis landið sem fram fer dagana 24. - 27. júní.

Um leið og við óskum þeim góðrar ferðar og góðs gengis minnum við á áheitin til styrktar **bæklunarskurðeild Landspítalans**. Það er ávinningur sem við búum öll að löngu eftir að sigurvíman og harðsperrurnar líða úr hjólhestaköppunum knáu. Látum gott af okkur leiða, hægt er að ganga frá áheitum á wowcyclothon.is

Áfram Team SKODA-UMFUS!

facebook.com/skoda.is



Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka 23. ágúst

„Sumir segja að við
í Skálmöld getum
ekki hlaupið. Hvaða
kjaftæði er það?“



Fylgstu með ævintýrum Skálmaldar
[Facebook.com/marathonmennirnir](https://www.facebook.com/marathonmennirnir)

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 17 ár.



Fyrsta skrefið er að skrá sig á marathon.is

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningarnætur þann 23. ágúst. Í boði verða vegalengdir við allra hæfi auk þess sem hægt er að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2–4 þátttakendum. Skelltu þér með! Skráningar eru í fullum gangi á marathon.is.

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

Skálmöld er komin í hlaupaskóna

Maraþonmennirnir og þungarokkararnir í Skálmöld eru byrjaðir að æfa fyrir sitt fyrsta Reykjavíkumaraþon. Fylgstu með undirbúningi og ævintýrum þessara skemmtilegu þungarokkara á Facebook síðunni Maraþonmennirnir og fáðu hlaupaplan og fleiri gagnlegar upplýsingar í leiðinni.



Íslandsbanki

MERKISATBURÐIR

1244 Flóabardagi var háður á Húnaflóa. Þar börðust Þórður kakali og Kolbeinn ungi Arnórsson, aðallega með grjóti.

1632 Fasíliðes gerði epiópisku kirkjuna aftur að þjóðkirkju.

1667 Kristján 5. konungur Danmerkur og Íslands kvæntist Charlotte Amalie af Hessen-Kassel.

1809 Trampe greifi var tekinn höndum í Reykjavík af Samuel Phelps og Jörundi.

1930 Dönsku konungshjónin koma til Reykjavíkur vegna Alþingishátíðarinnar.

1950 Heiðmörk er lýst friðland Reykvíkinga.

+

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
GUÐMUNDUR VILMAR MAGNÚSSON
frá Kirkjubæ, Akranesi,
Réttarholti 15, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum
laugardaginn 21. júní. Útförin verður auglýst
síðar.

Helga Einarsdóttir
Björk Guðmundsdóttir
Alma Guðmundsdóttir
Hlynur Guðmundsson
og barnabörn.



Dan Brynjarsson
Emil Guðjónsson
Ingibjörg R. Hjálmarasdóttir

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
GEIRLAUGUR JÓNSSON
bókbindari,

lést þann 16. júní sl. Útförin verður gerð frá
Dómkirkjunni föstudaginn 27. júní kl. 13.00.

Hrönn Geirlaugsdóttir
Sigríður Hulda Geirlaugsdóttir
Freyr Ómarsson
Þór Weglinski
Jóhanna Weglinski



Paulo Weglinski
Sigrún Ásta Einarsdóttir

+

Okkar ástkæri
SAMÚEL RICHTER
bifvélavirki,
Gnoðarvogi 80,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
föstudaginn 20. júní. Útför hans fer fram
frá Langholtskirkju föstudaginn 27. júní kl.
13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðmunda S. Halldórsdóttir



+

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
GUÐRÚN GUÐNADÓTTIR
frá Kirkjulækjarkoti í Fijótshlíð,
verður jarðsungen frá Hveragerðiskirkju
föstudaginn 27. júní kl. 13.30.

Gunnar Helgi Guðmundsson
Guðni Marís Guðmundsson
Samúel Jóhann Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Jóna Baldvinsdóttir
Helga Jóhanna Jósefsdóttir
Kolbrún Guðmundsdóttir

LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Nýtt á heimsvísu

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Granithöllinni

Eitt mesta úrval landsins
af fallegum legsteinum
og fylgihlutum hjá
Granithöllinni

Granithöllin
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888



SKRIFAR Á ENSKU

Alda Sigmundsdóttir segir bókina vera á léttu nótnum og skemmtilega lesningu fyrir alla.



Heillaðist af séríslenskri fornri menningu og hjátrú

Alda Sigmundsdóttir skrifaði bók um þjóðareinkenni Íslendinga til forna.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þjóðarsál mismunandi landa og leikið mér að því að sálgreina hin ýmsu samfélög. Þó hafði ég aldrei sérstakan áhuga á Íslandi til forna fyrr en ég hóf að læra þjóðfræði við Háskóla Íslands og sat þar áfanga með hinu skemmtilega nafni Lúsakambar, hlandkoppur og kynlíf,“ segir Alda Sigmundsdóttir, rithöfundur bókarinnar *The Little Book of the Icelanders in the Old Days* sem er nýtkomin. „Ég heillaðist gjörsamlega af lífi landa minna á öldum áður og fylltist jafnframt aðáun á því hvernig þeim tókst að glíma við margvíslega erfiðleika og takast á við svo ótal margt sem er fjarri okkur í dag. Þessir þjóðhættir



eiga enn mikið erindi við okkur í dag, enda hafa margir þeirra lagt grunninn að okkar séríslensku menningu.“

Fyrsta bók Öldu, *The Little Book of the Icelanders*, fjallaði á léttan og skemmtilegan hátt um þjóðarsál og þjóðareinkenni

Íslendinga. Bókin nauð gífurlegra vinsælda og seldist í tugþúsundum eintaka frá

árinu 2012. En hvers vegna fór út hún í skriftir á ensku?

„Þetta byrjaði allt saman út frá blogg-síðu sem ég var að halda úti og var orðin ansj vinsæl. Bloggið fjallaði um málefni Íslands á ensku en ég upplifði mikinn áhuga á Íslendingum

erlendis frá. Fólk vildi helst fá að vita hvaða áhrif hrúnið hafði á venjulegt fólk,“ segir Alda sem er vön að skrifa á ensku. Hún ólst upp í Kanada með ensku sem fyrsta mál.

The Little Book of the Icelanders in the Old Days er byggð á heimildum og fjallar um Íslendinga í bændasamfélaginu til forna en bókin er skrifuð í léttum stíl. „Þetta er ekki fræðibók og ég hef reynt að draga fram það myndna og skrítna í fari landans til forna, en þó með mikilli hlýju og virðingu fyrir þrautseigju fólks og dagnaði við að lifa af í skugga kúgunar, fátæktar, sorgar og annarra erfiðleika.“ Alda segir bókina auðlæsilega fyrir Íslendinga þrátt fyrir að hún sé á ensku og sé ætluð ferðamönnum og öðrum Íslandsvinum. Teikningar í bókinni eru eftir Megan Herbert en Erlingur Páll Ingvarsson sá um útlit og hönnun. Bókin fæst í öllum helstu bókaverslunum landsins.

marinmanta@frettabladid.is

+

Ástkær eiginkona, móðir, stjúpmóðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR
Ársölum 5, Kópavogi,

lést á LSH 11E laugardaginn 21. júní
síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaða-
kirkju föstudaginn 27. júní kl 13.00.

Erling Aðalsteinsson
Björg Erlingsdóttir
Ingimar Örn Erlingsson
Auður Jóna Erlingsdóttir
Guðbjörg Erlingsdóttir
Adolf Ingi Erlingsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Kristín Katrín Guðmundsdóttir
Sigurður Haukur Gestsson
Carl-Henrick Nilsson
Þórunn Sigurðardóttir

+

Okkar ástkæri
KRISTINN GUNNARSSON
viðskipta- og hagfræðingur,

lést laugardaginn 21. júní á Hjúkrunar-
heimilinu Ísafold.

Sólveig Ingimarsdóttir
Elisabet Kristinsdóttir
Ingimar Hallgrímur Kristinsson
Gunnar Ásgeir Kristinsson
Sólveig Ragnheiður Kristinsdóttir
Sverrir Kristinn Kristinsson
Þorbjörg Elín Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Aðalheiður Sigurðardóttir
Gestur Hjaltason
Sigurborg Eyjólfssdóttir
Pétur Helgason

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
BALDVINA ÞORVALDSDÓTTIR
Birkihlíð 5, 550 Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki
sunnudaginn 15. júní. Jarðsett verður
frá Sauðárkrókskirkju 27. júní kl. 14.00.

Sigurlaug Steingrimsdóttir
Garðar Haukur Steingrímsson

Sigríður Steingrimsdóttir
Þorvaldur Steingrímsson
Sævar Steingrímsson
Fríðrik Steingrímsson
Bylgja Steingrimsdóttir
Steingrímur Steingrímsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Guðmundur Gíslason
Halla Rögnvaldsdóttir
Kári Gunnarsson
Þorsteinn Einarsson
Svanhvít Gróa Guðnadóttir
Ingileif Oddsdóttir
Steinvör Baldursdóttir
Auðunn Víglundsson
Sæunn Eðvarðsdóttir

+

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir,
tengdamóðir og amma,
MARÍA STEFÁNSDÓTTIR
Akurgerði 5d, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 19. júní.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 27. júní kl. 13.30. Sérstakar
þakkir til starfsfólks Heimahlýningar og Lyflækningadeildar
Sjúkrahússins á Akureyri fyrir góða og hlýja umönnun.

Þorgeir Smári Jónsson
Stefán Bragi Bragason
Sandra Rut Þorgeirsdóttir
Heiður Ósk Þorgeirsdóttir
Stefán Bragi Þorgeirsson
Jón Kristinn Þorgeirsson
Katrín Elva, Ívar Örn, Anton Smári
og aðrir aðstandendur.



Gestur B. Mikkelsen
Georg Fannar Haraldsson
Sandra Marý Arnardóttir

OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER II



ROLEX



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. júní 2014 | 38. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

TAKTU GRÆNU
SKREFIN
MEÐ OKKUR!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



AUKIN FLUGUMFERÐ Á RÆTUR Í ASÍU

- ➔ Airbus spáir tvöföldun í flugumferð á næstu fimmtán árum.
- ➔ Aukningin drifin áfram af hagvexti á nýmarkaðssvæðum.
- ➔ Um 300 milljarðar króna fara í rannsóknir og þróun hjá Airbus.

SÍÐA 4

Launavísitala í maí hækkar

Launavísitala í maí 2014 er 480,4 stig og hækkaði um 0,4 prósent frá fyrri mánuði. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 5,2 prósent. Hagstofan greinir frá þessu.

Vísitala kaupmáttar launa í maí 2014 er 117,0 stig og hækkaði um 0,3 prósent frá fyrri mánuði. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa hækkað um 2,7 prósent.

Í launavísitölu maímánaðar gæti áhrifa kjarasamninga fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga við nokkur stéttarfélög opinberra starfsmanna sem undirritaðir voru í mars og apríl 2014.

-rkr

Semja um smíði ísfisktogara

Stjórn HB Granda hf. hefur ákveðið að ganga til samninga við tyrknesku skipasmíðastöðina Celiktr-ans Deniz Insaat Ltd. um smíði á þrem ísfisktogurum á grundvelli tilboðs frá skipasmíðastöðinni.

Heildarsamningsupphæðin mun liggja nærri 6,8 milljörðum króna eða rúmum 44 milljónum evra. Samkvæmt tilkynningu frá félaginu er áætlað að gangi samningar eftir muni fyrri tvö skipin verða afhent á árinu 2016 en það þriðja árið 2017.

Fyrir er tyrkneska skipasmíðastöðin með tvö upp-sjávarskip í smíðum fyrir HB Granda.

-fbj

„Ef Íslendingar geta það“

Snjalltækjaleikjaframleiðandinn Plain Vanilla var til umræðu hjá dálkahöfundi á viðskiptasíðu BBC, Rory Cellan-Jones, í síðustu viku. Cellan-Jones velti þar fyrir sér hvernig blönkum Íslendingi tókst að búa til leik sem sló í gegn á heimsvísu, sér í lagi þar sem erfiðlega gengur hjá mörgum breskum sprotafyrirtækjum að verða sér úti um fjármagn frá fjárfestum.

Cellan-Jones hittir Þorstein Baldur Friðriksson, stofnanda Plain Vanilla, í síðustu viku. Cellan-Jones veltir því upp í greininni hvað Bretar geti lært af Plain Vanilla því að meira að segja í Bretlandi eigi tæknifyrirtæki erfitt uppdráttar. Ljóst sé að Kalifornía sé enn fyrirheitna landið fyrir unga frumkvöðla.



-fbj

Hleypur þú 6 maraþon á ári?

...nei líklegast ekki - en þú gætir brennt jafnmörgum hitaeiningum með því að nýta þér **hæðarstillanlegu skrifborðin frá InnX innréttingum.***



*Rannsóknir hafa sýnt að með því að standa í um 15 mínútur per klst. yfir vinnudaginn þá brennir meðalmanneskja um 20.160 hitaeiningum á ári! Nú bjóða InnX innréttingar athyglisverða nýjung sem kallast „LINAK heilsurofinn“. Þessi einfaldi fylgihlutur skráir

hversu margar mínútur skrifborðið er í hárrí stöðu og umreiknar það síðan yfir í hitaeiningabrennslu. Þá er líka hægt að stilla rofann til að minna mann á hvenær tímabært er að hækka eða lækka skrifborðið og skipta um vinnustellingu.

Hæðarstillanlegt skrifborð

Verð frá kr. 124.302

Möppuskápur

Verð frá kr. 120.533

Hugsaðu um heilsuna - það borgar sig

INN
X
Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

6
Á UPPLÉIÐ
 Félög sem hækkðu í verði

7
Á NIÐURLEIÐ
 Félög sem lækkuðu í verði

3
STÓÐU Í STAÐ
 Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

ÖSSUR
23,1% frá áramótum

EIMSKIP
0,8% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

TM
-21,7% frá áramótum

REGINN
-4,3% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	144,00	-5,9%	0,0%
Bank Nordíc (DKK)	118,00	-9,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	230,00	-12,2%	0,8%
Fjarskipti (Vodafone)	30,65	12,5%	-0,3%
Hagar	40,60	16,1%	0,3%
Icelandair Group	17,10	-6,0%	-1,7%
Marel	105,00	-21,1%	-2,8%
N1	16,45	-13,0%	-0,9%
Nýherji	4,20	15,1%	0,0%
Reginn	15,70	1,0%	-4,3%
Tryggingamiðstöðin*	25,10	-21,7%	-3,0%
Vátryggingafélag Íslands**	8,65	-19,8%	-1,9%
Össur	282,00	23,1%	0,7%
HB Grandi	28,05	1,3%	0,2%
Sjóvá	12,43	-8,0%	0,6%
Úrvalsvisitalan OMX16	1259,60	7,7%	9,2%
First North Iceland			
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	12,15	29,3%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	13,0%	0,0%

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

Lögmannsstofan Lex hefur gefið út ókeypis 70 síðna leiðarvísi fyrir ferðabjónustufyrirtæki:

Gefa út leiðarvísi ferðabjónustu

Lögmannsstofan Lex hefur gefið út 70 blaðsíðna leiðarvísi fyrir ferðabjónustuna þar sem er að finna yfirlit yfir þau lögfræðilegu atriði sem ber að huga að við stofnun og rekstur ferðabjónustufyrirtækja.

„Ég hef sjálfur mikinn ferðabjónustuáhuga og fór í leiðsöguskólann og kynntist þar innviðum ferðabransans. Mér fannst svo margt lögfræðilega áhugavert sem þessi ört stækkandi atvinnugrein er að berjast við að ég stakk upp á því við Lex að við myndum búa til svona rit, ég ásamt sérfræðingum á hverju sviði, sem við síðan gerðum,“ segir Helgi Jóhannesson, hæstaréttarlögmaður og eigandi Lex.

Í leiðarvísinum er farið ítarlega yfir ýmis atriði eins og stofnun einkahlutafélaga, samningagerð, ábyrgð, skattamál, samskipti við yfirvöld, tryggingamál og fleira.

Helgi segir ritið nýtast bæði stærri ferðabjónustuaðilum sem minni og síðan er í ritinu ekki síður að finna atriði sem aðilar í almennum rekstri ættu að huga að.



MIKILVÆGT INNLEGG Helgi hefur lokið leiðsöguprófi og er mikill ferðaáhugamaður.

„Þetta eru atriði til umhugsunar en ekki einhverjar heildarlausnir sem finna má í þessu riti og menn gætu jafnvel þurft að leita sér aðstoðar með.“

Ritinu hefur verið dreift gjaldfrjálst til ferðabjónustufyrirtækja og Helgi segir viðtökurnar góðar. „Ég er búinn að fá kveðjur með þakklæti fyrir þetta og þessu er mjög vel tekið.“ -fbj

Dagatal viðskiptalífsins keldan

- Miðvikudagur 25. júní**
 → Þjóðskrá - Fjöldi útgefna vegabréfa
 → Nýherji - Uppgjör 2. ársfjórðungs
- Fimmtudagur 26. júní**
 → Þjóðskrá - Viðskipti með atvinnuhúsnæði í maí
 → Hagstofan - Nýskráningar og gjaldprot í maí
- Föstudagur 27. júní**
 → Hagstofan - Vísitala neysluverðs í júní 2014

- Hagstofan - Þjóðhagsspá
 → Hagar - Uppgjör 1. ársfjórðungs
- Mánudagur 30. júní**
 → Hagstofan - Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
 → Hagstofan - Vöruskipti við útlönd
- Miðvikudagur 2. júlí**
 → Þjóðskrá - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landslutum

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Sjóðir LSR og LH þurfa tíu milljarða frá ríkinu

Ríkið þyrfti að setja tíu milljarða króna árlega inn í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Fjármálaeftirlitið segir sjóðina annars geta tæmst á næstu 10 til 15 árum.

LÍFEYRISSJÓDIR

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Fjármálaeftirlitið (FME) telur ríkið þurfa að setja um tíu milljarða króna á ári inn í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH) á næstu árum. Annars geti sjóðirnir ekki staðið við skuldbindingar sínar og geti tæmst á næstu tíu til fimmtán árum.

Þetta sögðu Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME, og Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur á greiningarsviði stofnunarinnar, á kynningarfundum um stöðu lífeyrissjóðanna í gær.

Þar kom fram að heildar tryggingafræðileg staða íslenskra lífeyrissjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga var við árslok 2013 neikvæð um 595 milljarða króna. Halli annarra lífeyrissjóða var á sama tíma samtals um 68 milljarðar eða nálægt jafnvægi.

„Þessar skuldbindingar eru til langs tíma og verða greiddar upp á næstu árum og áratugum. En einhvern tímann kemur að því það þarf að greiða þetta og því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir með því að auka iðgjöld eða framlag til sjóðanna, eins og með þessum tíu milljörðum,“ segir Björn í samtali við Markaðinn.

„Sveitarfélögin hafa brugðist rétt við með því að borga viðbótarframlag inn í sjóðina sem bætir stöðu



KYNNTU STÖÐUNA Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME, og Björn Z. Ásgrímsson kynntu í gær stöðu lífeyrissjóðanna árið 2013. FRETTLABLADIÐ/GVA

þeirra smám saman á næstu árum og ríkið mætti taka sér það til fyrirmyndar.“

Mikið hefur verið fjallað um vanda B-deildar LSR og LH. Fyrir um tveimur vikum tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytið að það hefði ásamt ellefu hjúkrunarheimilum, LSR og LH undirritað samninga sem fela í sér yfirtöku ríkisins á nær öllum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimilanna vegna starfsmanna þeirra í B-deild LSR og LH. Á fundi FME kom einnig fram að

fimm stærstu lífeyrissjóðir landsins eiga rúm 55 prósent af 2.800 milljarða króna lífeyrissparnaði landsmanna. LSR er þar stærstur með 17,2 prósent hlutdeild.

„Þetta sýnir mikilvægi þessara sjóða,“ segir Björn og bætir því við að lífeyrissjóðirnir hafi verið 37 talsins árið 2007 en séu nú 27.

„Við sjáum fram á að þeim muni fækka á næstu árum. Sem er jákvætt því sameining lækkar rekstrarkostnað og bætir ávöxtun lífeyrisþega,“ segir Björn.

Matis heldur ráðstefnu um nýsköpun í matvælaíðnaði á grunni Arctic Bioeconomy-verkefnisins:

Nýsköpun í lífhagkerfinu kynnt

Nýsköpun í matvælaíðnaði, þar sem vannýttar auðlindir koma við sögu, er meginþema Arctic Bioeconomy, verkefnis sem Matis leiðir. Verkefnið er hluti af formennskuverkefni Íslands í norrænu ráðherranefndinni.

Matis ásamt þátttakendum verkefnisins hefur nú ýtt rúmlega 30 hugmyndum úr vör og verða þær kynntar í dag á ráðstefnu á Sellofni um lífhagkerfið. Vörurnar eru þróaðar af smáframleiðendum og einstaklingum á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

„Við auglýstum eftir þátttakendum í þessum þremur löndum.

Aðilar voru oft með vörugugmyndir og búnir að vinna sig eitthvað áfram en vantaði herslumuninn til að koma vörum á markað,“ segir Sigrún Elsa Smáradóttir, fagstjóri hjá Matis.

Hún segir þátttakendur hafa fengið ýmiss konar hjálpafrá Matis, annaðhvort við framleiðslu, sérfræðiaðstoð eða annað. Alls bærust 78 umsóknir, þar af stærsti hlutinn frá Íslandi en þó nokkuð frá Grænlandi og Færeyjum.

„Það er misjafnt hvort kynntar verða fullunnar vörur til smökkunar eða annað. Við bjóðum til dæmis upp á íslenska bleikju sem hefur fengið fóður unnið úr mjög próteinríkum svepp sem vex á viðarmassa sem fellur til í sögunarverksmiðjum,“ nefnir Sigrún sem dæmi um verkefni sem kynnt verður í dag en segir að ýmissa grasa muni kenna á ráðstefnunni. -fbj

565 6000 / somi.is

TAKTU GÆÐIN MEÐ ÞÉR Í NESTI.

Nestispokinn frá Sómi

Frábært fyrir ferðaskrifstofur eða fyrirtækjahópa. Hægt er að hafa pokann í ýmsum útfærslum og stærðum. Gerum verðtilboð fyrir stærri hópa.

SÓMI

ÞÆGILEGT!
 Allt í einum poka



Reitir hjálpa þínum vinnustað að þróast

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land. Fjölbreytt eignasafn Reita gefur þínum vinnustað tækifæri til að þróast, hvort sem þú vilt stækka við þig eða grípa ný tækifæri í rekstri með endurhönnun húsnæðis. Þannig geta þú og þínir átt góðan vinnustað.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Aukin flugumferð á rætur í Asíu

Airbus segir horfur á því að vöxtur á flugumferð verði áfram sá sami og verið hefur síðustu áratugi, tvöföldun á hverjum fimmtán árum. Á Innovation Days í Toulouse voru kynntar horfur og helstu nýjungar hjá flugvélarisnum.

FLUGIÐNAÐUR

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus spáir því að flugumferð í heiminum komi til með að tvöfaldaast á næstu fimmtán árum, sem er áframhald á þeirri þróun sem verið hefur síðustu fjóra áratugi. Núna er aukningin drifin áfram af hagvexti á nýmarkaðssvæðum, einna helst í Asíu, segir John Leahy, yfirmaður viðskiptasviðs Airbus.

Þetta kom fram á Innovation Days-kynningu Airbus í Toulouse í Frakklandi fyrr í þessum mánuði. Þar fór flugvélarisinn Airbus í Evrópu og Boeing í Bandaríkjunum eru nokkurn veginn jafnstór fyrirtæki og skipta með sér til helminga farþegaþotumarkaðnum í heiminum) yfir stöðu og horfur í flugiðnaði í heiminum og kynnti helstu nýjungar og nýbreytni hjá sér.

Spár Airbus benda raunar til þess að þungamiðja flugumferðar haldi áfram að færast austar og verði eftir fimmtán til tuttugu ár komin til Asíu. Á þeim tíma kunni líka að verða til keppinautar í Kína sem taki slaginn við bæði Boeing og Airbus, en slíkur risi þurfi allt að því aldarfjórðung til að verða til.

300 milljarðar í rannsóknir og þróun Fyrirtækinu var tíðrætt um tækni-framfarir hjá sér og telur sig þar hafa vinninginn yfir Boeing, í eldsneytiskostnaði og hvað almennan

rekstrarkostnað vélanna áhrærir. Til þess að ná slíkum árangri þarf einhverju til að kosta og kom fram í máli Leahys að á ári hverju eyði fyrirtækið um tveimur milljörðum evra í rannsóknir og þróun. Upphæðin nemur tæpum 310 milljörðum íslenskra króna (nálægt helmingi af árlegum heildarútgjöldum ríkissjóðs Íslands).

Annað sem ýti undir endurnýjun sé svo að flugvellir séu víða um heim komnir að þörmörkum hvað nýtingu varðar. Það setji þrýsting á flugfélög að nota breiðþotur, sem taki fleiri farþega og þurfi því færri landingar til að skila sama og auknum farþegafjölda.

Nýjungar, bæði í nýjum vélum líkt og A350 XWB-þotunum og uppfærslum á öðrum þotum, miði því að því að auka hagkvæmni og um leið þægindi farþega sem í auknum mæli fljúgi lengri vegalengdir.

Í þessari viðleitni segir Airbus hag sínum best borgið í því að vera með starfsemi sem víðast um heiminn. Simon Ward, varaforseti alþjóðasamvinnusviðs Airbus, segir að með dreifðari starfsemi verði líka til náttúruleg áhættudreifing í starfsemi. Verði áfall í framleiðslu á einum stað þá heldur starfsemi áfram annars staðar.

Flugvélaframskipti fara fram í Bandaríkjadöllum og því segir hann líka þurfa að huga að gjaldþrotum. „Við þurfum aðgang að peningum og með viðveru á heimsvísu fæst aðgangur að fjármagni,



FLOTTASTA POTÁ Í HEIMI? Afhenda á fyrstu Airbus A350 XWB-þotuna í lok þessa árs en tilraunaflug er á áætlun, að sögn Didiers Evrard, aðstoðarforstjóra A350-flugvélaáætlunar Airbus. Keppinautar hennar er Boeing 787 Dreamliner-þotan. MYND/AIRBUS

auk þess að nærvera við viðskiptavini ýtir undir viðskipti,“ segir hann. „Alþjóðavæðingin fækkar ekki störfum, heldur býr hún til störf. Henni fylgir vöxtur á öllum sviðum.“

Bjartsýnin kannski fullmikil

Shukor Yusof, sérfræðingur í flugiðnaði hjá Endau Analytics í Singapur (áður hjá greiningarfyrirtækinu Standard & Poor's) segir að ákeðinn varnagla þurfi að slá við framtíðarsýn Airbus, hún kunni að vera fullbjartsýn. Þannig sé óvíst að jafn mikill áhugi sé á breiðþotum og Airbus vilji vera láta.



JOHN LEAHY



SHUKOR YUSOF

Vöxturinn og salan sé hins vegar í Asíu, þar sem hagvöxtur er einna mestur í heiminum. Þannig sé heilmikið rými til áframhaldandi vaxtar í löndum á borð við Búrma og Kína. „En svo þurfa innviðirnir líka að vera í lagi,“ segir hann. Mikillar uppbyggingar sé enn þörf

í mörgum Asíulöndum áður en flugfélög geti tekið þar við sér.

„Flugvélasala helst í hendur við hagvöxt, en í Asíu verður líklega áfram meiri markaður fyrir smærri farþegaþotur,“ segir hann. Þá kunni fjármögnun flugfélaga á þotukaupum að vera torveld í sumum löndum. „En flugvélaframleiðendur eiga það sammerkt með sölumönnum annarra farartækja að hafa minni áhyggjur af því hvernig kaupandnum reidur af eftir að gengið hefur verið frá sölnunni.“ Þótt velta sumra flugfélaga í Asíu kunni að vera mikil þá hverfi obbinn af hagnaðinum í vaxtagjöld og rekstrarkostnað.

ÞÆGILEGT FLUG Í OFURHLJÓDLÁTRI BREIÐPOTU

Fagnaðarlæti brutust út á meðal blaðamanna á Innovation Days-kynningu Airbus þegar tilkynnt var að morgni annars dags dagskrárinna að þeim gæfist kostur á að fara með í klukkustundarlangt tilraunaflug í Airbus A350 XWB-breiðþotu. Rétt um ár er liðið frá fyrsta flugi vélarinnar, en stefnt er að fyrstu afhendingu til Quatar Airways fyrir lok þessa árs.

Þegar hefur verið samið um sölu á 742 A350 XWB-þotum, en þá er búið að draga frá afturköllun á pöntun Emirates-flugfélagsins á 50 slíkum vélum sem tilkynnt var um í byrjun Innovation Days 11. júní. Airbus segir flugfélagið hafa lagt inn pöntunina árið 2007 og átt að fá fyrstu vélarina afhentar árið 2019. Airbus segist fullvísst um að pöntunum haldi áfram að fjölga.

ENGAR SVIPTINGAR

Ef marka má viðtökur blaðamanna í ferðinni þá ætti að geta verið eftirspurn eftir þotunum því hrifning margra var mikil. Poturnar keppa við Boeing 787 Dreamliner og eiga það sammerkt að bolurinn er úr léttum koltrefjum og tækni-framfarir slíkar að helst má líkja þeim við geimskutlur. Að vísu finna farþegar ekki sérstaklega fyrir því í stuttu flugi, þetta er jú enn þá flugvél.

Á lengri ferðum nýtast hins vegar hlutir eins og sérstök lýsing um borð (e. mood lighting) og hærri loftþrýstingur (nær því sem gerist á jörðu niðri) þannig að fólk finnur síður til flugþreytu.

Áberandi er hins vegar hversu hljóðlát vélin er. Auðvelt er til dæmis að spjalla, jafnvel í hálfum hljóðum, við næsta mann þótt verið sé að taka á loft. Þá má segja að flugferðin sjálf hafi verið afar þægileg og kom aldrei fyrir að farþegar myndu fyrir skellum vegna ókyrrðar eða titrings. Ræður þar ný tækni sem kemur í veg fyrir að sviptingar í kringum vængina skili sér inn í bol vélarinnar. Því mætti jafnvel líkja upplifuninni við það að fara úr höstum austur-evrópskum fólksbíl yfir í amerískan fleka sem líður áfram um göturnar.

Vélin er breiðþota sem þýðir að í henni eru tveir gangar, níu sæti í hverri röð í almennu farrými, þar sem blaðamaður Fréttablaðsins sat. Frammi í vél á fyrsta farrými er, í þessari uppsetningu, svo fjögur sæti í hverjum gangi,



Í LANDGANINGUM Glaðir blaðamenn taka myndir, nýlentir eftir klukkustundarflug yfir Pýreneafjöll í Airbus A350 XWB-þotunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

raunar hálfgerðir básar þar sem fólk getur jafnvel lagt sig. Flugfélögum er svo í sjálfsvald sett hvernig þau haga innréttingum og líklegt að einhver fjölbreytni verði í því.

TÖLUR SEM HORFT ER TIL

Upplifun af flugi með vélinni var hins vegar mjög þægileg, líka á almennu farrými. Mögulega ræðst það líka af því að sætin eru aðeins breiðari en fólk á að venjast, 18 tommur (45,7 cm) í stað 17 (43,2 cm). Merkilegt hvað getur munað mikið um tvo og hálfan sentímetra.

Eftirspurn flugfélaga ræðst hins vegar líkast til fremur af öðrum þáttum, svo sem eldsneytiseyðslu. Fram kom í máli Kirans Rao, aðstoðarframkvæmdastjóra söluáætla og markaðssetningar Airbus, að fyrir flugrekendur væri hvert sæti í þotum á lengri flugleiðum virði tveggja milljóna dala (228 milljóna króna) og því ekki um neinar smáupphæðir að ræða í þotum sem taka frá 250-350 manns í sæti (eftir því hvort um er að ræða 800-, 900- eða 1000-útfærslu A350-vélanna). Í samanburði við sambærilegar útfærslur Boeing 787 segir hann að rekstrarkostnaður A350-800 og A350-900 sé fimm prósentum lægri á hvert sæti. Og að samanburðurinn í stærstu vélunum, Boeing 777-300R og svo aftur A350-1000, sé Airbus enn frekar í hag, því þá sé rekstrarkostnaður á hvert sæti 25 prósentum lægri á hvert sæti. Þetta eru tölur sem líklegt er að flugrekendur horfi til.

HAPPDRÆTTI Áður en haldið var í loftið í A350-þotunni dró fólk miða úr skál til þess að skera úr um hverjir fengu að sitja á fyrsta farrými vélarinnar, auk þess sem tekin voru niður nöfn tengiliðar fólks ef ske kynni að vélin færir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

PRÍVÍÐ PRENTUN HEFUR VÍÐTÆK ÁHRIF

Airbus leggur sérstaka áherslu á uppfinningar og nýbreytni í framleiðslu sinni og starfsemi. Unnið er að hagræðingu í framleiðsluferlum flugvéla, en um leið er líka mikið lagt upp úr uppfinningum sem bæta heildarupplifun flugfarþega, öryggismálum og aðbúnaði og umhverfi flugvalla.

„Við vinnum að hönnun nýrra léttmálma og skoðum hagnýtingu þeirra í samhengi við þrívíddarprentun,“ segir Yann Barbaux, yfirmaður uppfinninga hjá Airbus.

Meðal annarra uppfinninga er öryggisfilma sem endurvarpar leysibendaljósi sem fyrir kemur að beint er að flugvélum. Sú tækni segir Barbaux að hafi verið unnin í samvinnu við lítið tækniyrirtæki í Halifax í Kanada og komi til með að geta nýst öllum vélum. „Um er að ræða filmu sem leggja má yfir hvaða flugvélarglugga sem er,“ segir hann. Samningur um framleiðsluna var undirritaður í byrjun mánaðarinnar. „Á ári hverju eru um 4.000 tilvik þar sem leysibendum er beint að flugvélum.“

Þá er unnið að nýju kerfi til þess að tryggja að ferðatöskur fólks komist örugglega á áfangastað og nefnist Bag2Go.

Önnur nýjung sem Airbus prófar þessa dagana eru þil sem notuð eru til að klæða byggingar og koma í veg fyrir að þær endurvarpi fjarskiptum sem fram fara milli flugvéla og flugturna á jörðu niðri. Á þeim samskiptum má ekki verða nein truflun, en nýja tækni getur orðið til þess að minnka verulega það svæði í kringum flugvelli sem ekki má byggja á.

„Uppfinningar snúast um breytingar,“ segir Barbaux. „Þetta snýst ekki bara um tækni heldur líka nálgun og vinnulag.“



PRENTADUR ÍHLUTUR Þrívíddarprentun dregur úr efniskostnaði. MYND/AIRBUS

Ein markverðasta breytingin sem er á döfinni er svo þrívíddarprentunin og miklar vonir bundnar við hagræðingu og sparnað henni samfara. Curtis Carson, yfirmaður kerfissamhæfingar framleiðsluferlasviðs Airbus, segir sparnað sem ná megi fram með tækninni stórkostlegan. Með þrívíddarprentun sé hægt að nota allt að 95 prósentum minna hráefni, ekki þurfi sérhæfð steypumót og afskurður heyrir sögunni til. „Og um leið er hægt að draga mikið úr þyngd hlutanna,“ segir hann, en léttari flugvélar brenna minna eldsneyti. „Þá getur framleiðsla hlutanna líka farið fram á ísetningarstað og því þarf ekki að ferja hlutina um langan veg og um leið þarf ekki að flytja jafnmikið af hráefni á milli framleiðslustaða.“ Carson segir prenttæknina líka leysa önnur vandamál, svo sem þegar íhluti vantar í eldri vélar, jafnvel hluti þar sem framleiðandinn hefur lagt upp laupana. „Þá er hægt að skanna hlutinn og prenta nýjan,“ segir hann og nefnir dæmi um upphengju (sem sjá má hér til hliðar) og aðra smáhluti þar sem ná megi fram 70 prósentu sparnaði á kostnaði. „Minna hráefni þarf til, hluturinn er fyrr til reiðu og maður verður ekki uppiskroppa með birgðir.“ Möguleikarnir segir hann að séu tölverðir, enda sé ný þota samsett úr fjórum milljónum einstakra misstórra hluta.

ALLS KONAR GESTIR ÚR ÖLLUM ÁTTUM

Dagana 11. og 12. júní síðastliðna bauð Airbus blaðamönnum og sérfræðingum frá öllum heimshornum til vinnustöðvar fyrirtækisins í Toulouse í Frakklandi þar sem fram fór hinn ársski kynningarviðburður Airbus Innovation Days. Í hópi boðsgesta var blaðamaður Fréttablaðsins.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HÁDEGISTÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

Kammerkórinn Schola cantorum stendur fyrir hádegistónleikum á miðvikudögum í Hallgrímskirkju í sumar. Fluttar verða kórperlur eftir íslensk tónskáld ásamt íslenskum þjóðlögum. Tónleikarnir hafa jafnan hlotið lof áheyranda. Nánar á www.scholacantorum.is.



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



HAMINGJUBERIN

BALSAM KYNNIR Gojiber – nýtt frá Natural Health Labs. Stuðlar að hreysti og langlífi ásamt því að gefa húð, hári og nögglum fallegan ljóma. Tilvalið fyrir þá sem vilja neyta gojiberja á auðveldan og þægilegan máta.

Rósa Þorvaldsdóttir, meistari í snyrtifræðum, kennari og fóttaðgerðarfræðingur, er eigandi Snyrtimiðstöðvarinnar Lancome. Hún hefur rekið eigin stofu samfellt í 35 ár. „Við tökum á móti fólki á öllum aldri, konum og körlum, í slakandi andlits- og líkamsmeðferðir og leggjum mikið upp úr þægilegu andrúmslofti. Ég fæ fólk til mín í alls konar ástandi og okkar markmið er alltaf að hjálpa fólki að líða betur í líkama og sál.“

MÆLIR MEÐ GOJIBERJUM

Hverri meðferð fylgir húðgreining og ráðleggingar um umhirðu húðar, segir Rósa. „Ég er með mismunandi ráðleggingar fyrir hvern og einn en bendi öllum á að borða hollt og fara vel með líkamann. Gojiber eru ein næringarríkasta fæða sem ég veit um og algjört töfraefni fyrir húðina, neglurnar og hárið. Ég bendi mörgum á að ef þeir vilja fallegt og heilbriggt útlit eru gojiber frábær lausn. Ég tek sjálf gojifæðubótar efni daglega því mér finnst það minnka sykurbörf og gefa mér nauðsynlega viðbótarorku. Einfalt og þægilegt,“ segir Rósa og brosir.

Gojiber eru af mörgum talin næringarríkasta fæða sem finnst í náttúrunni og eru því flokkuð sem svokölluð ofurfæða eða superfood. Berin vaxa í Kína, Mongólíu og Himalajafjöllum og eru oft kölluð hamingjuberin vegna vellíðunar sem þeim fylgir og ótrúlegra áhrifa þeirra á heilsu og heilbrigði. Innfæddir hafa notað þau í þúsundir ára í lækningaskyni vegna einstakra yngingaráhrifa þeirra og margvíslegra næringarefna. Þau eru stútfull af próteini,



MÆLIR MEÐ GOJI „Gojiber eru ein næringarríkasta fæða sem ég veit um og algjört töfraefni fyrir húðina, neglurnar og hárið,“ segir Rósa.

amínósýrum, vítamínum og steinefnum og einstaklega rík af andoxunarefnum sem vinna gegn öldrun og gefa húð, hári og nögglum fallegan ljóma. Einnig bæta þau sjónina, skerpa hugsun, auka lífsorku og styrkja ónæmiskerfið.

RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu eitt til þrjú hylki með vatnsglasi yfir daginn.

HENTUG LAUSN FYRIR ALLA

Gojiber hafa notið mikilla vinsælda um allan heim. Gojifæðubótar efni er frábær lausn fyrir þá sem vilja neyta berjanna á auðveldan máta. Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu í Blómavali, Vefverslun Heilsutorgs.is, Sportlífi, Fjarðarkaupum og Heimkaupum.

GOJIBER Gojiber innihalda 500 sinnum meira af C-vítamíni en appelsínur, margfalt meira járn en spínat og tífalt meiri andoxunarefni en bláber.



Rauðrófu „extrakt“ í hylkjum

Snerpa, orka og úthald - frábært fyrir íþróttafólk!



2 hylki á dag

100% náttúrulegt

www.gengurvel.is

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaðanna



Hreinsandi
fyrir alla muni

Húsgagnahreinsun fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

RECARO

AÐRIR SÖLUSTAÐIR
BabySam,
Brimborg Akureyri



ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16,110 Reykjavík Sími: 5672330 www.bilasmidurinn.is



Öflug vörn gegn sveppasýkingum

„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni,“ segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfari og fíkniráðgjafi.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu.“

Bio-Kult
Candéa



GÖNGUR, VATNS-LEIKFIMI OG JÓGA Þátttakendur munu meðal annars fara í gönguferðir um nágrenni Gardavats. Steinunn og Ásdís munu stýra teygjum eftir hverja ferð.

HEILSUEFLANDI FERÐ FYRIR 60 PLÚS

GÓÐ HEILSA Íþróttfræðingarnir Steinunn Leifsdóttir og Ásdís Halldórsdóttir verða fararstjórar í göngu- og heilsuferð fyrir 60 plús á Ítalíu í september. Í fyrra gáfu þær út mynddiskinn Sterk og létt í lund.

Íþróttfræðingarnir Steinunn Leifsdóttir og Ásdís Halldórsdóttir gáfu út mynddiskinn Sterk og létt í lund í fyrra en hann inniheldur átta ólíka leikfimiþætti fyrir fólk á besta aldri. Þær hafa nú verið beðnar um að vera fararstjórar í göngu- og heilsuferð fyrir 60 plús við Gardavatn á Ítalíu í byrjun september.

„Ferðin er farin á vegum ferðaskrifstofunnar Íslandsvina en hún hefur boðið upp á gönguferðir fyrir sextíu ára og eldri í mörg ár,“ segir Ásdís. „Við Steinunn höfum verið með fræðslu og kynningar í félagsstarfi aldraðra að undanförunu og fékk Halldór Hreinsson, framkvæmdastjóri Íslandsvina, okkur í kjölfarið til liðs við sig. Við munum setja okkar svip á ferðina en ásamt því að leiða hefðbundnar göngur bjóðum við upp á morgunjóga, vatnsleikfimi eða teygjur eftir hverja göngu. Við ætlum þó ekkert að ganga fram af fólk og verður líka lögð áhersla á slökun og spa.



FYRIR FÓLK Á BESTA ALDRI Þær Steinunn og Ásdís gáfu út í fyrra mynddiskinn Sterk og létt í lund með átta ólíkum leikfimiþáttum fyrir fólk á besta aldri.

Áhugasamir geta auk þess hlýtt á fyrirlestra um almenna heilsu og þjálfun á efri árum. Allir þátttakendur fá svo eintak af disknum.“ Ferðin stendur frá 2. til 9. sept-

ember. Hún ber yfirskriftina Draumur Dólómítanna. Undirtitillinn er Hreyfing – Orka – Gleði. Nánari upplýsingar er að finna á www.islandsvinir.is.

NÝ SENDING KOMIN

Aptiless seldist upp á augabragði, enda mest selda fitubrennslufnið í Noregi og Svíþjóð. Þökkum frábærar viðtökur.

Færri kíló - Minna ummál með spínat extrakt **Nýtt á Íslandi**

Aptiless fæst eingöngu í Noregi, Svíþjóð og nú á Íslandi. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati en **Thylakoids** dregur úr hungri Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Jafnar blóðsykur - Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál - Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru. 100% náttúrulegt

Vísindaleg sönnun á virkni

Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum. **Nýtt í heiminum - nýtt á Íslandi**

Ein merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum dag



Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð mynd: Kennet Ruona

Umboð: www.vitex.is

LONDON DÝRSTA BORGIN

London trónar á toppnum þegar kemur að dýrustu borgum fyrir ferðamenn og hefur þar með rutt Ósló úr því sæti niður í það fimmta.

Það er TripAdvisor sem hefur tekið saman listann, þar sem spurt er um 4-5 stjörnu hótél, leigubíla, mat og drykk í sólarhring fyrir tvo. Vinsælustu ferðamannaborgir í 50 löndum voru með í könnuninni. Miklar verðhækkningar hafa orðið í London sem varð til þess að borgin stökk upp um sex sæti. London er mest heimsótt borg af túristum en samkvæmt TripAdvisor er kostnaðurinn sem reiknaður var út um 60 þúsund krónur í London á meðan hann var 58 þúsund í París og tæpar 57 þúsund í New York. Kostnaður í Ósló er 52 þúsund. Stokkhólmur var í fjórða sæti, Kaup-

mannahöfn í því sjöunda og Helsinki í áttunda. Það er dýrt að heimsækja Norðurlöndin. Reykjavík var ekki með í þessari verðkönnun. Ódýrasta borgin er hins vegar Hanoi í Víetnam þar sem kostnaðurinn var rúmar 17 þúsund krónur.

DÝRUSTU BORGIRNAR

1. London, Bretland
2. París, Frakkland
3. New York, Bandaríkin
4. Stokkhólmur, Svíþjóð
5. Ósló, Noregur
6. Zürich, Sviss
7. Kaupmannahöfn, Danmörk
8. Helsinki, Finnland
9. Tórontó, Kanada
10. Sydney, Ástralía

ÓDÝRUSTU BORGIRNAR

1. Hanoi, Víetnam
2. Djakarta, Indónesía
3. Sharm el Sheikh, Egyptaland
4. Bangkok, Taíland
5. Sófía, Búlgaría
6. Höfðaborg, Suður-Afríka
7. Mumbai, Indland
8. Kúala Lúmpúr, Malasía
9. Prag, Tékkland
10. Búdapest, Ungverjaland

Sett var nýtt met í heimsóknum ferðamanna til London á síðasta ári. Þá komu um 16 milljónir ferðamanna til borgarinnar.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsöluastaðir flest apótek og heilsubúðir.

SUMARBOMBA

YFIR 40%

**AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM**

NÝTT KORTATÍMABIL



MERKTU ÞÍNAR KÚLUR!



MERKITÚSS FYRIR GOLF SKAPALÓN

Nú er um að gera að sérmerkja golfkúlurnar fyrir sumarið! Þrír litir og fylgir sér skapalón með.

999 kr.



GOLFIÐ MINNISBLOKK

Snilldabók með skorkortum ásamt blaðsíðum fyrir mikilvæg minnisatriði. Fáanleg í 4 litum - stærð 10 x 14.5 sm.

1.899 kr.

5%

afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum



VILDARKLÚBBUR EYMUÐSSON



540 2000 | penninn@penninn.is
www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



HJÓLAÐ Í TÉKKLANDI
Hjólreiðamenn njóta góðs af kommúnísku skipulagi sem gerði kröfur um góða vegi milli bæja og borga.

Á TVEIMUR DEKKJUM

HJÓLAFERÐIR Þeim sem stunda hjólreiðar sér til ánægju og heilsubótar hefur fjölgað mjög á undanförunum árum hér á landi. Hjólreiðar eru líka skemmtileg leið til að ferðast um ókunn lönd og upplifa þau á nýjan hátt.

Ef einhverjir eru hrifnir af því að eyða sumarfríinu sínu hjólandi um á tveimur dekkjum má lesa hér um nokkra áfangastaði sem bjóða upp á skemmtilega upplifun. Áfangastaðirnir eru bæði þekktir á meðal hjólreiðaferðalanga og óþekktir.

NAMIBÍA

Í Namibíu er ótrúlegt dýralíf, þar búa fílar, svartir nashyrningar, sebrahestar og miklu fleiri villt dýr. Hjólasafariferðir gera ferðamanninum kleift að komast næst dýrunum og náttúrunni. Hjólreiðamenn sem hjóla um Namibíu sjá með eigin augum stórskorin fjöll, elstu eyðimörk heims, stærsta gljúfur í Afríku, þjóðgarða og margt fleira.

LOIRE-DALUR, FRAKKLANDI

Dalurinn er nú þegar vinsæll áfangastaður hjólreiðamanna vegna hjólaleiðar sem kallast „Loire a Velo“ en velo þýðir hjól á frönsku. Rúmlega átta hundruð kílómetra löng leiðin er vel merkt og er stór hluti hennar á sérstökum hjólastígum. Mikið af litlum bæjum er á leiðinni sem þýðir að jafnframt er þar mikið af hótélum og veitingastöðum.

CHIAPAS, MEXÍKÓ

Chiapas er að verða ævintýrlegasti áfangastaðurinn í Mexíkó. Hann er afskekktur og vel utan alfaraleiðar. Þar hjólar fólk í gegnum víðáttumikla regnskóga og getur kannað lón, gljúfur, fjöll og fossa. Einnig má rekast á fornar rústir frá tímum Maya og átjándu aldar nýlenduþorp. Íbúar Chiapas eru þekktir fyrir gestrisni sína og dásamlega mexíkóska matseld.

MJANMAR

Mjanmar er tilvalinn áfangastaður fyrir hjólreiðafólk sem elskar ævintýri. Ferðalangar verða fljótt varir við gríðarmikla arfleifð konungsveldisins Búrma, eða Mjanmar eins og það heitir nú, en hún nær aftur um þúsund ár eða meira. Á leið sinni um landið sjá ferðamenn mikinn fjölbreytileika lands, þjóðar og menningar sem gerir Mjanmar að einu fallegasta og mest töfrandi ríki Asíu.

TÉKKLAND

Frábærar hjólavegir og -stígar eru óvænt og jákvæð afleiðing kommúnistaríkis sem krafðist



MIKILFENGLEGT Chiapas í Mexíkó er afskekktur staður þar sem mikið er um fornar rústir.



FAGRA VERONA Á Ítalíu má hjóla jafnt í sveit sem borg.

